FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
79. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 3. APRÍL 2017



**Gef mér fimm!** Arnar Máni Vignisson er fimm ára patti og lét sig ekki muna um að gefa forseta Íslands spaðafimmu þegar þeir hittust á Bessastöðum í gær. Arnar er einhverfur og fór ásamt hópi barna og aðstandanda þeirra á fund forseta til að vekja athygli á alþjóðadegi einhverfu sem var í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fréttablaðið í dag

**SPORT** Valur fyrsta liðið í 11 ár sem kemst í undanúrslit í Evrópukeppni. 12-15

**LÍFIÐ** Hljómsveitin Agent Fresco spilaði í Armeníu á dögunum en talið er að þeir séu fyrstir íslenskra tónlistarmanna til að halda tónleika þar í landi. 22

PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




# Ekki önnur rannsókn nema ný gögn finnist

**Bæði innanríkisráðherra og formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar eru efins um að rannsaka skuli einkavæðingu Landsbankans og segja að ný gögn um málið þurfi að koma fram. Þingmenn Viðreisnar og BF vilja rannsókn.**

**STJÓRNMÁL** Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa ýmist efasemdir um að rannsókn eigi að fara fram á einkavæðingu Landsbankans, eða vilja ekki taka afstöðu til málsins fyrr en eftir að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hefur fjallað um málið. Þingmenn hinna stjórnarflokkanna tveggja eru aftur á móti afgerandi í þeirri afstöðu sinni að rannsaka beri sölu Landsbankans og að skýrsla um aðkomu þýska bankans Hauck & Aufhäuser að sölunni á Búnaðarbankanum gefi fullt tilefni til að fara í saumana á sölunni.

„Þessar tvær einkavæðingar fóru fram á svipuðum tíma svo mér finnst full ástæða til að líta frekar á einkavæðingu Landsbankans,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar, sem situr í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Samkvæmt greinargerð þingsályktunartillögunnar um rannsókn á erlendri þátttöku í kaupunum á Búnaðarbankanum, ber stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd að afmarka nánar mögulega rannsókn á einkavæðingu Landsbankans og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Á þetta bentu allir þeir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem Fréttablaðið ræddi við og hafa efasemdir um hvað nákvæmlega ætti að rannsaka.

Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra segist til dæmis ekki hafa heyrt nákvæmlega hvað ætti að rannsaka. „Ekki nema það kæmi eitthvað konkret upp sem þyrfti að rannsaka.“

Brynjar Níelsson, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, segir að ekki sé ástæða til þess að rannsaka sölu Landsbankans nema eitthvað nýtt komi fram sem gefi tilefni til rannsóknar. Nefndin komi til með að lesa rannsókn á einkavæðingu Búnaðarbankans og taka ákvörðun í kjölfarið.

Vilhjálmur Bjarnason tekur í sama streng. „Hvað viltu rannsaka í Landsbankasölunni? Það er hægt að rannsaka og rannsaka en hver er spurningin í rannsókninni? Menn verða að leggja af stað með einhverja spurningu. Ég er alveg orðinn uppgefinn á þessari þvælu um að rannsaka og rannsaka.“

Björt Ólafsdóttir og Theódóra S. Þorsteinsdóttir í Bjartri framtíð sögðu afdráttarlaust að þær vildu rannsókn á Landsbankasölunni. Þingmenn Viðreisnar, Pawel Bartoszek og Hanna Katrín Friðriksson, tóku í sama streng og Jón Steindór og sögðust vilja rannsókn á einkavæðingu Landsbankans. Áður hefur Benedikt Jóhannsson fjármálaráðherra lýst sömu skoðun yfir. – snæ



Brynjar Níelsson | Sigríður Á. Andersen

## Sorg vegna slyss í Hveragerði

**SLYS** „Þetta snertir bæjarfélagið mjög mikið. Ekki síst af því að þetta er barn á skólaaldri og fjölskyldan tengist skólanum meira,“ segir Jón Daníelsson, prestur í Hveragerði. Íbúar í Hveragerði eru slegnir og sorgmæddir eftir að drengur, fæddur árið 2006, lést af slysförum á laugardagskvöld. Svo virðist sem drengurinn hafi klemmst af vörulyftu á vöruflutningabíl við heimili hans.

Jón segir að þjónusta kirkjunnar hafi staðið öllum til boða um helgina, sem töldu sig þurfa hana. - snæ

## Kleppur fælir frá

**HEILBRIGÐISMÁL** Deildarstjóri á Kleppi vill skoða möguleikann á að breyta nafninu á stofnuninni. Erfitt sé að breyta hugrenningatengslum fólks um að Kleppur sé gamaldags geðveikrahæli „Margir telja þetta vera hæli þar sem allir eru vistmenn og dæmi eru um að sjúklingar afþakki endurhæfingarinnlögn til okkar vegna hræðslunnar við að vera „klepparar,“ segir Manda Jónsdóttir deildarstjóri. Hún segir að nýtt nafn á Kleppi gæti verið Landspítalinn við Elliðaárvog. – sa



Manda Jónsdóttir, deildarstjóri á Kleppi






## Veður




Sunnan strekkingur og vætusamt, en suðvestlægari um landið vestanvert fyrir hádegi og kólnar með slyddu og síðar éljum. Þurrt og milt austantil fram á kvöld. **SJÁ SÍÐU 18**



**Vinnslu á Akranesi verður hætt að óbreyttu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hefja viðræður í vikunni

**BYGGÐAMÁL** Viðræður fulltrúa Akranesbæjar, HB Granda og Faxaflóahafna hefjast formlega í vikunni, hafa aðilar sæst á. Þá hefst vinna við að greina það hvort landvinnslu HB Granda verður haldið áfram á Akranesi á grundvelli bættrar aðstöðu á staðnum fyrir fjölbreyttan rekstur fyrirtækisins.

Stórum spurningum þarf að svara. Ein er sú hvaða breytingar verða á landvinnslu HB Granda í Reykjavík verði af uppbyggingu á Akranesi. Eins og staðan er í dag getur fyrirtækið unnið allan sinn fisk í Reykjavík, en ekki á Akranesi.

Eins er spurt hvaða útgerðarform HB Grandi hafi í huga til lengri framtíðar. Fyrir aðeins þremur árum ætlaði fyrirtækið að leggja sérstaka áherslu á landvinnsluna, en draga úr vægi sjófrystingar.

Fyrirtækið tilkynnti á fimmtudag að það ætlaði að setja smíði nýs frystitogara í útboð. Skipið er stórt – hefur lestarrými fyrir um þúsund tonn af frystum afurðum. Gert er ráð fyrir að ákvörðun um smíðina liggi fyrir í byrjun maí og smíðinni ljúki í árslok 2019. HB Grandi gerir nú út þrjá frystitogara sem eru byggðir á árunum 1988-1992. **– shá**

## Falafel og hummus í fermingarveislunni



**Fermingarbarnið Áróra Elí Vigdísardóttir stendur yfir veisluborði sem svignar undan sýrlenskum kræsingum. Í stað þess að bjóða upp á hinn hefðbundna heita brauðrétt og kransaköku ákvað Áróra, í samráði við móður sína, að fá sýrlenska flóttamenn til að bjóða upp á veitingar frá þeirra heimalandi. Hugmyndin kviknaði þegar mæðgurnar stóðu vaktina í Ráðhúsi Reykjavíkur á gamlárskvöld þar sem eldað var fyrir flóttamenn hér á landi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Langferðabíll út af á Þingvöllum

**SLYS** Betur fór en á horfðist þegar rúta með 45 breska unglinga innanborðs endaði utan vegar á Þingvallavegi.

Slysið átt sér stað skömmu fyrir klukkan fjögur síðdegis í gær. Tilkynning um slysið barst lögreglu stuttu síðar.

Að sögn lögreglunnar á Selfossi sluppu allir farþegar ómeiddir eða í mesta lagi með minniháttar eymsl. Enginn var fluttur á sjúkrahús vegna atviksins.

Mesta vinnan fólst í að koma rútunni á réttan kjöl en hún hafnaði á hliðinni. Voru farþegar því innilokaðir í bílnum þar sem ekki var unnt að opna dyr rútunnar. Skemmdir á bílnum voru minniháttar.

Þegar rútan hafði verið tæmd kom annar langferðabíll á slysstað og flutti fólkið áfram á leiðarenda. **– jóe**




# Með milljón á mánuði en býr á Görðunum

**Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, býr á Stúdentagörðum en maki hans stundar nám við Háskóla Íslands. Mánaðarlaun hans eru hátt í 1,3 milljónir króna. Staða maka hefur ekki áhrif á umsókn stúdents til búsetu á Görðunum.**

**SAMFÉLAG** Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, segir að það væri óeðlilegt ef starf hans myndi skerða rétt maka síns til búsetu á stúdentagörðum.

Sem kunnugt er náði Jón Þór kjöri sem þingmaður í alþingiskosningunum 2013 en sagði af sér þingmennsku þegar kjörtímabilið var hálfnað. Eftir að hann hætti á þingi komst kona hans inn á stúdentagarða en hún stundar nám við Háskóla Íslands.

„Það er konan mín sem leigir íbúðina en ekki ég. Það er hluti af hennar öryggi að hafa stúdentaíbúð og ekki hægt að spyrða það við manninn hennar,“ segir Jón Þór. Á kjördag síðasta haust kvað kjararáð upp úrskurð um kjör þingmanna en laun þeirra eru rúmlega 1,1 milljón króna. Jón Þór er þriðji varaforseti Alþingis og nýtur því 15 prósenta álags á þingfararkaupið. Hann er því með rúmlega 1,26 milljónir í laun.

„Eftir að ég komst á þing aftur vorum við ekkert að spá í því að róta upp fjölskyldunni. Ég veit ekki einu sinni hvað ég ætla að vera lengi á þingi,“ segir Jón Þór. „Þetta er hennar réttur og í raun partur af stærri umræðu. Eiga réttindi fólks að tengjast eða skerðast út af maka þínum? Fólk verður að geta verið sjálfstætt þótt það eigi maka.“

„Tekjur maka eru ekki teknar með í reikninginn eins og úthlutunarreglurnar eru núna,“ segir Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi Félagsstofnunar stúdenta (FS). Hún segir að ákvarðanir um breytingar á úthlutunarreglunum séu teknar af stjórn FS. Við þá vinnu sé haft samráð við Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ).



**Stúdentaíbúðir eru eftirsóttar og geta umsækjendur þurft að bíða nokkra stund eftir því að fá íbúð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Þetta er hennar réttur og í raun partur af stærri umræðu. Eiga réttindi fólks að tengjast eða skerðast út af maka þínum?**
>
> Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata



Röskva vann stórsigur í kosningunum til Stúdentaráðs í upphafi febrúar en nýtt ráð tók við á dögunum. Fyrsti fundur ráðsins eftir skiptafund er á dagskránni næsta þriðjudag.

„Þetta er komið inn á borð til okkar í Stúdentaráði og verður til umræðu á næstu fundum ráðsins,“ segir Ási Þórðarson, varaformaður SHÍ. „Við munum m.a. fá erindi frá FS um úthlutunarreglurnar og ráðið mun taka það til umræðu hvort, og þá að hvaða leyti, tilefni sé til breytinga á þeim.“ **johannoli@frettabladid.is**




BOSS HUGO BOSS

SAND

POLO RALPH LAUREN

TINO COSMA

ARMANI COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM MADISON PARK • NY

gardeur

HUGO HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI

bugatti

Stenströms

BELLINI collezione

MANZ GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur

# Troðfull verslun af merkjavöru!

# 40-60%

afsláttur
af öllum vörum

# Organistinn í Langholtskirkju rekinn vegna mikils rekstrarvanda

**SAMFÉLAG** Skuldavandi Langholtskirkju varð til þess að Árna Heiðari Karlssyni, organista í Langholtskirkju, var sagt upp störfum. Áformað er að gera breytingar á tónlistarstörfum kirkjunnar. „Þar eru rekstrarlegar ástæður að baki,“ segir Jóhanna Gísladóttir, settur sóknarprestur. Hún segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um framtíðarlausn en það sé verkefni sóknarnefndar að móta þá lausn.

Fréttablaðið hefur áður fjallað um skuldavanda kirkjunnar, sem er vegna orgelkaupa og viðgerða á kirkjunni. Skuldirnar eru frá því um síðustu aldamót og árið 2013 sagði Björg Dan Róbertsdóttir, formaður sóknarnefndarinnar, frá því að þær væru yfir 100 milljónir króna. Söfnuðurinn fékk lánað með veði í safnaðarheimilinu, en ekki er heimilt að veðsetja kirkjuna sjálfa.

Björg vildi lítið tjá sig um skuldastöðuna þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Ég sé ekki að ég ætli að fara að útskýra það fyrir blaðamanni,“ sagði Björg. „Við erum í samningaviðræðum við bankann eins og stendur og ég ætla ekki að tjá mig um það núna. Það er ekki komin lausn á því,“ segir Björg.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins kom uppsögn Árna Heiðars kór Langholtskirkju í opna skjöldu. Honum var ekki gert að vinna uppsagnarfrest sinn. Jóhanna segir þó að árlegir vortónleikar kórsins fari fram samkvæmt áætlun. Garðar Cortes mun stýra kórnum á vortónleikum. - jhh


**Skuldir Langholtskirkju hafa verið að sliga söfnuðinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Við erum í samningaviðræðum við bankann eins og stendur og ég ætla ekki að tjá mig um það núna.**
>
> Björg Dan Róbertsdóttir




**Eyjafjarðará fóstrar einstakan stofn bleikju – honum er sögð stafa hætta af laxeldi.** MYND/STEFÁNJÓNHAFSTEIN

## Veiðifélög fordæma fiskeldisáform

**UMHVERFISMÁL** Veiði- og stangveiðifélög við Eyjafjörð, átta talsins, mótmæla harðlega áætlun Arnarlax um framleiðslu á 10.000 tonnum af frjóum eldislaxi af norsku kyni í Eyjafirði, en Arnarlax gaf nýlega út drög tillögu að matsáætlun sjókvíaeldis í firðinum. Nái hún fram að ganga gætu orðið að jafnaði fimm milljónir frjórra laxa í sjókvíum í Eyjafirði.

Augljós hætta stafar af slíku eldi fyrir veiðiár í Eyjafirði sem og náttúruna í heild, segir í tilkynningu félaganna.

Þar segir jafnframt að viðurkennt sé að einn lax sleppi fyrir hvert tonn af laxi sem framleitt er. Samkvæmt því munu um 10.000 laxar sleppa úr kvíum Arnarlax í Eyjafirði á hverju ári sem er tíu til tuttugufalt fleiri laxar en ganga í Fnjóská á hverju ári. Líkurnar á því að laxastofninn í Fnjóská þoli slíkt álag frá framandi stofni eru engar. „Þá stefnir þetta eldi einnig öðrum ám í verulega hættu. Má þar nefna Laxá í Aðaldal, Skjálfandafljót, Fljótaá, Blöndu, Vatnsdalsá og Víðidalsá.“

Veiði- og stangveiðifélögin í Eyjafirði hvetja stjórnvöld til að hafna þessum áformum. Jafnframt hvetja þau sveitarfélög, veiðifélög, smábátasjómenn, veiðimenn og náttúruunnendur til að mótmæla þessum áformum á öllum stigum.

„Fram undan er hörð barátta til verndar náttúrunni í Eyjafirði,“ segir í niðurlagi tilkynningarinnar. - shá

# Vill losna við Klepps-nafnið

**Dæmi eru um að sjúklingar neiti að leggjast inn á Klepp vegna þeirra hugrenningatengsla að um gamaldags geðveikrahæli sé að ræða. Deildarstjóri endurhæfingardeildar spítalans vill skoða möguleikann á að breyta nafninu. Öll börn landsins lesa Engla alheimsins í grunnskóla og drekka í sig bjagaða mynd af stofnuninni.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Hugrenningatengsl almennings við Klepp eru of neikvæð og mikilvægt að hætta notkun nafnsins. Hugmyndir almennings um Klepp eru litaðar af Englum alheimsins sem er kennd í grunnskólum landsins og er dragbítur á starf stofnunarinnar.

„Að skipta út nafninu er einn þeirra hluta sem þarf að gera til að leysa þau hugrenningatengsl sem eru til í samfélaginu gagnvart stofnuninni,“ segir Manda Jónsdóttir, deildarstjóri á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild Landspítala, öðru nafni Kleppsspítala.

> **Að skipta út nafninu er einn þeirra hluta sem þarf að gera til að leysa þau hugrenningatengsl sem eru til í samfélaginu gagnvart stofnuninni.**
>
> Manda Jónsdóttir deildarstjóri

Hún nefnir að orðið hafi verið notað lengi í neikvæðri merkingu og sjúklingar upplifa Klepp eins og endastöð þar sem bati sé mjög ólíklegur. „Hins vegar er raunin allt önnur, hér er meðallengd innlagnar í kringum þrjá til sex mánuði og meðalaldur sjúklinga ekki nema 24 ár, þvert á það sem fólk heldur,“ segir Manda. „Margir telja þetta vera hæli þar sem allir eru vistmenn og dæmi eru um að sjúklingar afþakki endurhæfingarinnlögn til okkar vegna hræðslunnar við að vera „klepparar“.“

Hún ræddi stöðu Kleppsspítala á ráðstefnu um geðheilbrigðismál í gær. Yfirskrift málþingsins var „Við erum ÖLL vistmenn á Kleppi“. Manda telur þetta orðalag óheppilegt. „Við myndum aldrei halda ráðstefnu um fötlun með yfirskriftinni að við værum öll þroskaheft á sambýli til að mynda.“


**Manda Jónsdóttir , deildarstjóri á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ein frægasta sagan um Kleppsspítala er skáldsaga Einars Más Guðmundssonar, Englar alheimsins. Manda telur bókina gera starfið hennar mun erfiðara. „Bókin er kennd öllum grunnskólabörnum og býr til neikvæð hugrenningatengsl þar sem allir fremja sjálfsmorð. Ég er mjög hrifin af bókinni en hún er dragbítur á mitt starf,“ segir Manda en gamlar og úreltar lækningaaðferðir eru viðhafðar í skáldsögunni.

„Við myndum aldrei kenna skáldsögu um eldgamlar sykursýkislækningar þar sem allir missa útlimi vitandi að fjölmargir nemendur myndu fá sykursýki seinna á ævinni.“

Hún telur rétt að íhuga það að breyta nafninu á Kleppi. Nýtt nafn gæti verið Landspítalinn við Elliðaárvog. sveinn@frettabladid.is




**VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN**

**Ís-Band er umboðsaðili Fiat Chrysler Automobiles (FCA) á Íslandi.**

**Tæknimenn okkar eru með áratuga reynslu af viðgerðum á flestum gerðum bifreiða og hafa hlotið sérþjálfun frá FCA.**

**Mikil lofthæð gerir okkur kleift að sinna viðgerðum á húsbílum, atvinnubílum og stórum pallbílum.**

**Við tökum vel á móti þér. Tímapantanir í síma 534 4433.**

CHRYSLER DODGE FIAT FIAT PROFESSIONAL Jeep RAM MOPAR

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Íslensk-Bandaríska ehf - Verkstæði og varahlutaverslun - Smiðshöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433
thjonusta@isband.is - www.isband.is - OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Sparar gæslunni 500 milljónir á ári að eiga björgunarþyrlurnar

**Samkvæmt fjármálaáætlun verða þrjár björgunarþyrlur keyptar. Kosta 14 milljarða. Þyrla Gæslunnar er komin á aldur, enda 30 ára. Leiguþyrlur kosta meira árlega en þyrlukaup samkvæmt kostnaðarmati.**

**ÖRYGGISMÁL** Allur þyrlufloti Landhelgisgæslunnar verður endurnýjaður á næstu fimm árum, sem er stærsta verkefnið á sviði almanna- og réttaröryggismála sem var kynnt sem hluti fjármálaáætlunar fyrir hið opinbera árin 2018-2022. Kaupverð þeirra eru fjórtán milljarðar króna. Tveimur leiguþyrlum verður skilað og TF-LIF verður seld.

Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, segir að áformunum sé fagnað. Endurnýjun þyrlukostsins verði ekki umflúin enda sé TF-LIF orðin þrítug. „Þetta skref sé því bæði tímabært og nauðsynlegt," segir Sveinn.

Tillagan sem er birt í fjármálaáætluninni virðist að öllu eða mestu leyti byggjast á niðurstöðum stýrihóps um þyrlukaup Landhelgisgæslunnar og skilaði af sér árið 2016. Þar segir að líftími björgunarþyrla sé að jafnaði um 30 ár. Leigusamningar vegna leiguvélanna tveggja, TF-GNA og TF-SYN, renna út á árunum 2017 og 2018. Þess utan komst stýrihópurinn að þeirri niðurstöðu að hagkvæmara sé að eiga þyrlur en að leigja þær. Fyrir þrjár þyrlur geti sá kostnaðarmunur numið allt að 500 milljónum króna á ári. Tillaga stýrihópsins var sú að kaupa þrjár þyrlur af svipaðri stærð og LHG er með í sinni þjónustu í dag.

Í fjármálaáætluninni segir að núverandi þyrlur séu mismunandi útbúnar sem veldur takmörkunum í starfi og minnkar öryggi. Aðeins önnur leiguþyrlanna er útbúin til leitar og björgunar við íslenskar aðstæður.

„Með endurnýjun þyrluflotans eykst rekstraröryggi og hagkvæmni. Nýju þyrlurnar verða útbúnar fullkomnum tækjabúnaði sem gerir þeim enn betur kleift að koma sjófarendum til bjargar og sinna meira álagi í verkefnum á landi, svo sem vegna aukins ferðamannastraums," segir þar.

Ábyrgðarsvæði Íslands vegna leitar- og björgunar er nær tvöfalt stærra en íslenska efnahagslögsagan. Ein stærsta áskorun málaflokksins er því eftirlit og aðstoð í landhelginni, en einnig fjölgun ferðamanna á landi í vanda. Aukningin sem hefur átt sér stað er farin að hafa áhrif á rekstur LHG og tvísýnt er hvort hægt sé að halda uppi nauðsynlegri þjónustu þar sem áhafnir eru ekki nægilega margar til að bregðast við þessari aukningu, segir í fjármálaáætluninni.

**svavar@frettabladid.is**




**Líf er orðin þrítug og verður seld – tveimur leiguþyrlum verður skilað.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Sjö þyrlur til taks til 2006

- Fram á árið 2006 voru að jafnaði sjö vel útbúnar björgunarþyrlur staðsettar hérlendis.
- Á vegum bandaríska hersins í Keflavík voru fimm og tvær á vegum Íslendinga.
- Árið 2006 hætti bandaríski herinn rekstri hérlendis og þyrlur Bandaríkjamanna fóru af landi brott. Í framhaldi af því lýstu íslensk stjórnvöld því yfir að hér yrðu ávallt tvær björgunarþyrlur og tvær áhafnir til taks allan sólarhringinn, allt árið.
- Leigðar voru tvær þyrlur til viðbótar tveimur þyrlum í eigu LHG og ráðnar voru þrjár áhafnir til viðbótar þeim þremur áhöfnum sem fyrir voru.
- Þrjár Super Puma björgunarþyrlur eru í rekstri í dag. Þær gera LHG kleift að hafa tvær þyrlur til taks 92% ársins en vegna takmarkana á getu LIMSAR þyrlunnar á sjó er viðbragðsgeta fyrir utan 20 sjómílur aðeins hluta af þeim tíma sem tvær þyrlur eru til taks.

## Reykjanesbraut fær stjörnugjöf

**VEGAMÁL** „Reykjanesbrautin fær minnst eina stjörnu en mest fimm stjörnur sem er hæsta einkunn," segir Steinþór Jónsson, formaður FÍB, um nýja úttekt FÍB um öryggi á vegum sem er gerð eftir stöðlum EuroRAP.

Allir vegir landsins hafa verið eknir og upplýsingar um þá skráðir í sérstakt kerfi sem gefur vegum og vegarköflum stjörnur. „Brautin er til dæmis fjórar stjörnur frá Keflavík til Reykjavíkur að mestu leyti en þrjár frá Reykjavík til Keflavíkur vegna ljósastauranna. Það eru engar öryggisgrindur um þá og auðvitað hefðu ljósastaurarnir átt að vera í miðjunni," segir Steinþór.

Bæjaryfirvöld og íbúar Reykjanesbæjar telja brýnt að ljúka tvöföldun Reykjanesbrautar sem allra fyrst. „Stundum er hægt að laga Reykjanesbrautina með frekar litlum kostnaði. Veghaldarar geta brugðist við svörtu punktunum frá okkur og lagað sem mest fyrir minnsta pening," segir hann. **– bb**

Umboðsmaður skuldara

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 9.00 - 15.00

Símatími ráðgjafa er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.00 - 14.00

SÍMI 512 6600
GRÆNT NÚMER 800 6600
KRINGLAN 1 103 REYKJAVÍK

ums.is

VERKFÆRI
LAMPAR
LJÓSAPERUR
LJÓS



Komdu og gerðu betri kaup!

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9–18
Laugard. kl. 10–16
Sunnud. kl. 12–16

RAFVÖRUMARKAÐURINN
við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Fylgdu okkur á Facebook

## Bataskóli settur á laggirnar

**SAMFÉLAG** Lagt var til að borgarráð Reykjavíkur samþykki tillögu um stofnun svokallaðs bataskóla að erlendri fyrirmynd í samstarfi við Geðhjálp og yrði verkefnið til þriggja ára. Yrði kostnaðurinn um 15 milljónir á ári. Í minnisblaði sviðsstjóra velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs kemur fram að bataskólar eru þegar taldir ein af meginstoðum í batamiðaðri geðheilbrigðisþjónustu.

„Fjölgun þeirra í Englandi, Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu er talinn órækur vitnisburður um gildi þess að starfrækja slík úrræði. Til að mynda hefur árangur af starfi bataskóla í Nottingham orðið sá að um 70% nemenda hefur haldið áfram námi eða ráðið sig í vinnu að loknu námi og telja sig þurfa á minni þjónustu að halda frá félags- og/eða heilbrigðiskerfi," segir í greinargerðinni.

Gert er ráð fyrir að skólinn verði hýstur við Suðurlandsbraut 32. Yfir bataskólanum verður framkvæmdastjórn sem m.a. mótar og hefur eftirlit með störfum skólans og tekur ákvarðanir um allar meiriháttar fjárhagslegar ákvarðanir. Í framkvæmdastjórn sitja fulltrúi Geðhjálpar, velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs. **- bb**



**Hagræðing kappleikja og veðmál voru rædd á málþingi á dögunum.**

## Vilja lög um veðmál

**SAMFÉLAG** Nauðsynlegt er að vera á varðbergi fyrir hagræðingu úrslita í íþróttum og skoða þarf að gera úrbætur á löggjöf og reglum um veðmál og hagræðingu.

Þetta var á meðal þess sem kom fram í máli Sveins Helgasonar, sérfræðings hjá innanríkisráðuneytinu, á málþingi um hagræðingu íþróttaleikja sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík í gær.

Fréttablaðið fjallaði í vikunni um leik Fylkis og Fram í öðrum flokki í knattspyrnu karla sem fjöldi tippara græddi vel á þar sem þeir höfðu meiri upplýsingar um leikinn en veðbankar. Sveinn benti í erindi sínu á að veðbankar hefðu fært sig yfir á netið og hefði það gjörbreytt veðmálastarfsemi. Ísland væri ekki lengur eyland.

Auk þess að skoða úrbætur á löggjöf og reglum telur Sveinn mikilvægt að styrkja samvinnu og samráð jafnt innanlands og við erlenda aðila. Í nýju ógnarmati Europol kemur fram að hagræðing íþróttaleikja í Evrópu nái aðallega til fótbolta. Þó sé sjónum einnig beint að tennis, snóker og jafnvel pílukasti. Í sumum tilfellum hafi glæpasamtök fest rætur innan íþróttafélaga til þess að auðvelda sér peningaþvætti og hagræðingu leikja.

Þá kemur fram í ógnarmatinu að glæpasamtök hefðu fest rætur í fjölda evrópskra knattspyrnufélaga og þannig þvættað milljónir evra Nýttu glæpasamtökin milliliði til þess að kaupa knattspyrnufélög sem voru í fjárhagsvandræðum. Vegna lélegs eftirlits hefði svo verið hægt að þvætta peningana með því að kaupa og selja leikmenn og með því að selja sjónvarpsréttindi.

**thorgnyr@frettabladid.is**


Ford
EDGE
EDGE
#MASSAÐASTUR
Ford Edge er sterkur, stæðilegur og gríðarlega rúmgóður jeppi. Stærstur í sínum flokki með 20 cm veghæð og einstaka dráttargetu eða 2.000 kg. Hann er meðal annars búinn Bluetooth, leiðsögukerfi, 8“ snertiskjá með bakkmyndavél, upphitanlegri framrúðu og stýri, öryggisbúnaði eins og árekstrarvörn, veltivörn og veglínuskynjara. Þú nýtur þess að ferðast hvert á land sem er í Edge.
FORD EDGE AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ:
7.490.000 KR.
Ford
Ford er frábær!
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Edge
ford.is
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Þarftu að ráða?
Iðnaðarmann
Bílstjóra
Bifvélavirkja
Þjónustufólk
Öryggisvörð
Lagerstarfsmann
Matreiðslumann
elja
Starfsmannaþjónusta
Láttu okkur ráða
Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

# Tugir milljóna settir í miðborgina

**SAMFÉLAG** Borgarráð samþykkti á fundi sínum 46,3 milljón króna kostnaðaráætlun vegna málefna miðborgar. Áætlunin er vegna verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra miðborgarmála sem og kostnaðar vegna stofnunar miðborgarsjóðs. Kostnaður vegna verkefnastjóra og verkefna á vegum hans og verkefnastjórnar eru 16,3 milljónir króna og kostnaður vegna miðborgarsjóðs er 30 milljónir króna.

Í greinargerð um kostnaðaráætlunina er bent á þau fjögur atriði sem skýrsla og tillögur stýrihóps um málefni miðborgar og tillaga borgarstjóra um málefni miðborgarinnar leggur áherslu á.

Atriðin fjalla meðal annars um stefnu um málefni miðborgar byggð á áskorunum, tækifærum og fyrirliggjandi stefnumótun borgarinnar. Þá á að skipa verkefnisstjórn miðborgarmála til þriggja ára og settur verði verkefnisstjóri sem starfi með verkefnisstjórninni. - bb



**Það er að ýmsu að hyggja í miðborginni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þjóðarsorg í Svíþjóð

**Minnst þrír létust þegar rúta fór út af vegi í Svíþjóð. Innanborðs voru unglingar á leið í skíðaferðalag. Sjúkraflutningamaður líkti aðkomunni við vígvöll.**

**SVÍÞJÓÐ** Minnst þrír létust og tveir eru lífshættulega slasaðir eftir rútuslys í Svíþjóð í gær. Tæplega sextíu manns voru í rútunni en á þriðja tug voru fluttir á sjúkrahús. Sjö þeirra voru alvarlega slasaðir.

Slysið átti sér stað snemma í gærmorgun í Härjedalen, milli Sveg og Fågelsjö, rúmlega 100 kílómetra suður af Östersund, í Svíaríki miðju. Rútan átti aðeins stuttan spöl eftir á áfangastað. Farþegarnir voru grunnskólanemar í 8. bekk og kennarar þeirra á leið í skíðaferðalag. Fólkið er frá Skene, litlum bæ suður af Gautaborg.

Ekki er vitað hvað varð til þess að rútan hafnaði utan vegar. Flestir farþeganna voru í fastasvefni þegar slysið átti sér stað. Talið er að fæstir hafi verið í bílbelti.

Allir tiltækir sjúkrabílar auk heilbrigðisstarfsfólks var kallað út vegna slyssins. Sömu sögu er að segja af lögreglu- og sjúkraflutningamönnum. Sjúkratjald var reist á slysstað til að hlúa að þeim sem hlutu minniháttar meiðsl og til að veita áfallahjálp.

„Stina var heppin. Hún vaknaði skömmu fyrir slysið við það að rútan vaggaði svo hún spennti á sig beltið,“ segir Fredrik Almqvist, faðir stúlku í rútunni, við Aftonbladet. Hann var vakinn með símtali frá dóttur sinni skömmu eftir slysið en í bakgrunni heyrði hann öskur særðra. Dóttir hans slapp með skrámur.

„Ég myndi lýsa svæðinu eins og vígvelli,“ segir sjúkraflutningamaðurinn Peter Nystedt við norska miðilinn Verdens Gang. „Særðir farþegar lágu í skurðinum við hlið rútunnar og á veginum. Sumir voru enn í rútunni en aðrir köstuðust úr henni þegar hún fór út af. Örvinglaðir unglingar á víð og dreif og vissu ekki hvað þeir áttu til bragðs að taka.“

Hinna látnu var minnst um alla Svíþjóð með því að draga fána að húni. Þjóðarsorg ríkir í landinu vegna slyssins.

„Ég og allir Svíar syrgjum,“ segir í yfirlýsingu frá Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar. „Hugur minn er hjá þeim sem létust, slösuðust, foreldrum þeirra, ættingjum og vinum.“ johannoli@frettabladid.is



**Fæstir farþeganna voru með beltin spennt.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Ég myndi lýsa svæðinu eins og vígvelli

**60** manns voru í rútunni þegar slysið varð




Full búð af nýjum vörum!
Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34
VERSLUN
Guðsteins Eyjólfssonar
Síðan 1918

# Síminn fær gagnaverslóð á 15 milljónir

**BORGARMÁL** Reykjavíkurborg hefur veitt Símanum vilyrði fyrir lóð við Hólmsheiði. Stærð og staðsetning lóðarinnar verður nánar ákveðin í deiliskipulagi en til skoðunar er að hámarksbyggingarmagn yrði 10 þúsund fermetrar. Borgar Síminn 1.500 krónur fyrir hvern byggingarfermetra eða 15 milljónir verði hámarksbyggingarmagn nýtt. Síminn hefur sex ár til að ákveða hvort fyrirtækið ætlar að nýta sér vilyrðið um lóðina.

Í greinargerð um gagnaverið segir að uppbygging slíkra gagnavera sé fjármagnsfrek og það sé mikilvægt að búa þannig um hnútana að auðvelt sé að stækka án þess að binda mikið fjármagn ef aðstæður síðar verða hagfelldar fyrir rekstur gagnaversins.

„Með þessu fyrirkomulagi er fjárbinding vegna viðbótarlóða í lágmarki og fyrirtækið hefur ráðrúm til þess að vaxa á eðlilegum hraða án þess að þurfa að skuldsetja reksturinn umfram efni. Fyrir Reykjavíkurborg er það mikilvægt að stuðla að nýsköpun og fjölbreyttum iðnaði innan borgarmarkanna og gera fyrirtækjum það kleift að vaxa á sama stað. Með þessu fyrirkomulagi myndast einnig hvatning fyrir fyrirtækið að kaupa fleiri lóðir af Reykjavíkurborg ef aðstæður þess bjóða upp á það,“ segir enn fremur í greinargerðinni - bb




**Síminn hefur tryggt sér lóð á Hólmsheiði undir gagnaver.**

> Með þessu fyrirkomulagi myndast einnig hvatning fyrir fyrirtækið að kaupa fleiri lóðir af Reykjavíkurborg
>
> Úr greinargerð borgarinnar



# SAMSUNG

# 55" bogið ekta UHD 4K sjónvarp fyrir 119.900,-




Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Stærð: 55" eða 124cm • Bogið • Upplausn skjás: 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1400 PQI (Picture Quality Index)




FullHD • LED • 1920X1080 • 800 PQI
• Nýtt Smart viðmót • Með gervihnattamóttakara




FullHD • LED • 1920X1080 • 400 PQI
• Nýtt Smart viðmót • Einnig til í svörtu

**Samsung** HW-K661
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar.
**Verð: 89.900,-**



**Samsung** HW-J6511
300w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. Silfur.
**Verð: 99.900,-**



**Samsung** HW-J7511-R
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar.
**Verð: 109.900,-**





**Samsung**
**R-1** MultiRoom
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu.
**Verð: 27.900,-**



**Samsung**
**R-3** MultiRoom
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
**Verð: 37.900,-**



**Samsung**
**R-6** MultiRoom
6 klst hleðslurafhlaða
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
**Verð: 49.900,-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**SAMSUNG SETRIÐ**
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

## Endurtekning



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Ef eitthvað er sagt nógu oft fer fólk að trúa því. Þessi einföldu sannindi hafa stjórnmálamenn og allskyns hagsmunaðilar nýtt sér um allan heim um áraraðir. Líka á Íslandi. Því miður virðist til að mynda einkavæðing bankanna á sínum tíma hafa verið þessu marki brennd. Blekkingavefurinn, sem nú hefur verið lyft af sölunni á Búnaðarbankanum, er nærtækt dæmi en þá var þjóðinni sagt oft og ítrekað að hlutirnir væru með allt öðrum hætti en þeir voru í raun og veru.

Í Fréttablaðinu um helgina var einkar forvitnileg úttekt á fyrirbærinu falsfréttir. Einkum í tengslum við það hvernig þær áttu stóran þátt í að koma forseta Bandaríkjanna til valda og stýra almenningsálitinu í fjölmörgum samfélagslega mikilvægum málum. Falsfréttir eru ýmist upplognar fréttir sem vægast sagt vafasamir miðlar taka að sér að dreifa sem víðast eða fölsunin felst í því að afneita sannleikanum, halda því blákalt fram að sönn og vel unnin frétt sé uppspuni frá rótum. Þetta er augljóslega siðlaust með öllu en það stendur þó ekki í þeim sem slíkt stunda enda uppskeran oft ríkuleg.

Ef eitthvað er sagt nógu oft fer fólk að trúa því. Þetta eru þau sannindi sem liggja að baki falsfréttum og beitingu þeirra. Þar er þetta einfaldlega tekið lengra og afleiðingarnar fyrir almenning geta reynst geigvænlegar. Og þó svo falskar fréttir á borð við þær sem áttu stóran þátt í að koma Donald Trump á forsetastól í Bandaríkjunum sé ekki að finna á Íslandi þá þurfum við að vera meðvituð um hættuna. Við þurfum líka að vera meðvituð um það að valdhafar, bæði kjörnir fulltrúar sem og þeir sem hafa völd í krafti fjármagns, hafa ýmsar leiðir til þess að móta almenningsálitið sér í hag. Þó svo slíkt eigi sér kannski ekki stað með fölskum fréttum á Íslandi, þá getur það hins vegar gerst með því að þegja yfir því sem skiptir máli eða beina athyglinni frá réttum og mikilvægum fréttum sem eiga ótvírætt erindi til almennings.

Ágætt dæmi um þetta má sjá í greinaskrifum blaðamannsins Sigríðar Daggar Auðunsdóttur í Fréttablaðið um einkavæðingu bankanna árið 2005. Fyrir greinaskrifin mátti Sigríður Dögg og þáverandi fréttastjóri Fréttablaðsins, Sigurjón M. Egilsson, þola að verða fyrir holskeflu ófrægingar um vinnubrögð sem linnti ekki fyrr en umræðan snerist öll um allt annað en einkavæðinguna sjálfa. Á þessu og fölskum fréttum er auðvitað stigsmunur en ekki endilega eðlis því það er verið að hagræða, stýra og flýja sannleikann.

Þetta er auðvitað áhyggjuefni fyrir fjölmiðla og almenning sem situr eftir með sárt ennið. Þjóðinni sem í sífellu er sagt að draga lærdóm af því að vera plötuð upp úr skónum. En þeir sem plötuðu þjóðina og þeir sem áttu að gæta hagsmuna hennar – það fer eitthvað minna fyrir lærdómnum á þeim bæjum. Þessi krafa um að við eigum að læra af mistökum annarra er nefnilega að verða ansi þreytt. Við getum ekki látið bjóða okkur svona starfshætti stjórnmála og fulltrúa þeirra lengur. Því þjóðin er í raun löngu búin að læra, oft og endurtekið, að þeim sem fara með peninga og völd á Íslandi er því miður ekki alltaf treystandi.

**Þessi krafa um að við eigum að læra af mistökum annarra er nefnilega að verða ansi þreytt.**




Fjáröflun framundan?

Í Rekstrarlandi fást flottir fjáröflunarpakkar, tilbúnir eða sérsniðnir eftir óskum. Úrval af hreinsivörum, pappírsvörum, plastpokum og álpappír. Gæðavörur sem nýtast vel og gaman er að selja.

Söluver 515 1100 | fjaroflun@olis.is | rekstrarland.is

REKSTRARLAND

Halldór




## Frá degi til dags

**Traust og tiltrú**

**Það er engu líkara en þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi stillt saman strengi um hvernig svara beri fjölmiðlum um mögulega rannsókn á sölu Landsbankans. Svör sumra þingmannanna voru nánast orðrétt eins, þegar Fréttablaðið sló á þráðinn í gær. Flestir vilja bíða ákvörðunar stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar áður en afstaða er gefin upp. Stjórnmálamönnum hefur verið tíðrætt um að verkefni samtímans sé að auka traust í íslensku samfélagi. Það er ekkert sérstaklega traustvekjandi þegar heill þingflokkur talar sem einn maður: „Áfram gakk, hér er ekkert að sjá. Allt er eins og það á að vera.“**

**Kynjavaktin**

**Sjö þingmenn VG hafa lagt fram tillögu um að Alþingi komi upp kynjavakt og kortleggi hvort og hvernig kyn hefur áhrif á ákvarðanatöku þingsins. Tillaga sem vafalítið mun skila áhugaverðum niðurstöðum sem þorri almennings mun ekki skeyta neinu um. Gæluverkefni þingmanna um eigin störf, sem kosta þarf til fjármunum, er ekki það fyrsta sem þeir sem reyna að knýja fram jafnrétti dettur í hug þrátt fyrir að greinargerð tillögunnar lýsi þessu sem „framsæknu tæki í baráttunni fyrir fullu jafnrétti kynjanna innan Alþingis“. Má ég þá frekar biðja um jöfn laun.**

**snaeros@frettabladid.is**

## Mengunarmælingar og rekstur United Silicon



Helgi Þórhallsson
forstjóri United Silicon

**Síðastliðinn fimmtudag greindu Orkurannsóknir ehf. frá því að vegna mistaka hafði gildi þungmálma og PAH-efna í sýnum sem safnað var í mælistöð í nágrenni verksmiðju United Silicon í Helguvík verið stórlega ofmetið. Orkurannsóknir er óháður aðili sem hefur annast umhverfisvöktun við verksmiðju United Silicon í Helguvík undanfarið ár. Orkurannsóknir sögðu að vegna mistaka hefði gildi einstakra efna verið metið allt að 67 sinnum hærra en það hefur mælst í útblæstri frá verksmiðjunni og að framleiðsla þar hafi ekki verið byrjuð þegar hluti þessara ótrúlegu mælasýna varð til. Þá hefðu ríkjandi vindáttir á þessu tímabili staðið frá mælistöðinni að verksmiðjunni en ekki öfugt.**

Þegar þessar upplýsingar birtust frá Umhverfisstofnun varð íbúum í Reykjanesbæ eðlilega brugðið. Starfsmenn United Silicon efuðust strax um þessar niðurstöður og töldu að þær gætu ekki átt við um starfsemi verksmiðjunnar. Þegar Orkurannsóknir drógu mælinganiðurstöður sínar til baka, og lýstu því yfir að þær væru mistök og úr öllu samhengi við raunverulega losun frá fyrirtækinu, gaf Umhverfisstofnun það út að óvissa væri í þungmálmamælingum í Helguvík.

Nýjar mælingar á gildi þungmálma og PAH-efna sem nú hafa borist og verið kynntar Umhverfisstofnun og United Silicon benda til að rekstur verksmiðjunnar hafi ekki mælanleg áhrif á magn þessara efna í umhverfinu. Samkvæmt síðustu mælingum virðist ekki skipta máli hvort verksmiðjan er í rekstri eða ekki, gildi þessara efna í umhverfinu mælast þau sömu.

Eins og þeir vita sem fylgjast með fjölmiðlum hefur verksmiðja United Silicon glímt við margvíslega örðugleika í byrjun rekstursins. Að undanförnu hefur verið lögð áhersla á að lagfæra og bæta búnað verksmiðjunnar. Stjórnendur United Silicon eru vel meðvitaðir um þær skyldur sem á þeim hvíla að stunda ábyrga atvinnustarfsemi í sátt við umhverfið og fólkið sem þar býr. Þær skyldur hyggjumst við rækja.

**Samkvæmt síðustu mælingum virðist ekki skipta máli hvort verksmiðjan er í rekstri eða ekki, gildi þessara efna í umhverfinu mælast þau sömu.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Forviðaflokkurinn

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson

**Sjaldan hefur sést annar eins söfnuður af forviða fólki og íslenskir ráðamenn tíunda áratugarins voru í síðustu viku þegar þeir fréttu, eftir öll þessi ár, að þýski héraðsbankinn og kjölfestufjárfestirinn í Búnaðarbankanum hefði í raun bara verið leppur fyrir Ólaf Ólafsson.**

**Dj-Dabbi&Dóri**

Þetta þurftu þau að láta segja sér þrisvar, Finnur Ingólfsson, Valgerður Sverrisdóttir, Davíð Oddsson og Geir Haarde. Hann Ólafur?!? Brögð í tafli? Ha? Leynt eignarhald? Leynireikningar? Hann Ólafur?!?

Við hin vitum ekki alveg hvort við eigum að leika með í leikritinu enn einn ganginn, og leyfa þeim að halda að við ætlum að leyfa þeim að trúa því að við hin trúum þeim. Sem við gerum auðvitað ekki – eins og þau vita öll.

En það rifjast upp þessir tímar, þegar stórar eignir í almannaeigu voru færðar vildarmönnum í nafni einhverrar hugmyndafræði sem sagði að óhjákvæmilegt væri að eftirláta einkaaðilum bankaviðskipti. Það tók íslenska einkaframtakið örfá ár að keyra allt í þrot.

Þetta voru leiðindatímar. Umskiptin stóru í íslensku þjóðlífi urðu þarna um miðjan tíunda áratug síðustu aldar þegar Framsóknarmenn og Sjálfstæðisflokkurinn náðu saman í ríkisstjórn og stjórnuðu landinu í tíu ár. Gáfu vinum, lögðu niður stofnanir, ofsóttu óvini. Fóru fram með frekjulátum og sigri hrósandi markaðshyggju sem boðaði okkur endalok sögunnar á þeirri forsendu að Berlínarmúrinn féll og Sovétríkin hrundu, eins og það gerði óðakapítalisma eitthvað gáfulegri að kommúnisminn reyndist svindl og svínarí.

Með aðild að EES sáu þessi flokkar til þess að hér var innleidd séríslensk útgáfa af kapítalisma; nokkurs konar sérstök svindl-og-svínarísútgáfa þar sem því var sleppt að innleiða reglurnar sem gilda víðast á Evrópumarkaði en þeim mun meira gefið laust. Eftirlit í orði kveðnu, eins og átti eftir að koma á daginn rækilega.

Leiðindatímar. Og leiðindahugarfar sem ríkti þá, og vekur hjá manni ónot þó að erfitt kunni að vera að koma orðum að því. Nú þegar við sameinumst öll í óbeit okkar á Ólafi Ólafssyni og viðskiptaháttum hans – ekki síst Forviðaflokkurinn sem forðum gekk undir nafninu Framsóknarflokkurinn – er kannski ágætt að rifja upp að hann var ekki einn að verki, hann var ekki undantekning, ekki minkurinn í hænsnabúinu. Hann var bara einn af mörgum sem hleypt var út úr búrinu og sagt að gera svo vel. Hann var bara einn group-gaurinn og rétt eins og Bakkavararbræður og Kaupþingsmenn, Baugsmenn og Milestonemenn, Vafningsmenn, S-hópsmenn og Landsbankamenn var hann barn síns tíma, afurð aldarinnar, niðurstaða kerfis, hugsjón óðakapítalismans holdi klædd – hlýddi kallinu að ofan og dansaði eftir þeim takti sem dunaði undir stjórn þeirra Dj-Dabba&Dóra.

**Nýir group-gaurar**

Bólufurstarnir urðu ekki til í tómarúmi. Það verðum við að muna og alveg sérstaklega núna. Bankar eru kannski ekki jafn mikilvægir og spítalar og skólar – og ekki jafn arðberandi – en mikilvægir engu að síður. Þeir geyma og ávaxta sparifé vinnandi fólks og hjálpa fólki við að hrinda úr vör arðsömum og fallegum verkefnum, þeir geyma jafnvel fjöregg heilu fjölskyldnanna. Þegar vel tekst til eru þeir blóðið í þjóðarlíkamanum sem flytur næringu á milli.

Það á ekki að þurfa máladeildarstúdent og fallista í reikningi á borð við mig til að segja ráðamönnum að það sé með öllu ólíðandi að slíkar stofnanir séu í eigu ókunnra aðilja, manna sem hafa ekki meiri samfélagslega ábyrgð en svo að þeir kjósa að dyljast bak við ókennileg númer og nöfn sem skráð eru í skúmaskotum fjármálaheimsins. Gætu þess vegna verið sömu group-gaurarnir aftur. Það er aldrei markmið banka að vera rekinn eingöngu með hámarksgróða hluthafa að leiðarljósi. Það getur aldrei verið markmið neinnar starfsemi.

Þetta snýst ekki um sérstakan karakterbrest tiltekinna einstaklinga. Þetta snýst um leikreglur samfélagsins, sem settar eru af stjórnmálamönnum í umboði okkar. Kapítalisminn ýtir undir og þrífst á löstum á borð við græðgi og eigingirni og óheiðarleika; og mikilvægt er að samfélagið sendi með vönduðu regluverki skýr skilaboð um siðferðislega ábyrgð þeirra sem fara með fé sem annað fólk hefur trúað þeim fyrir.

Einkaframtakið er gott, eins og forsætisráðherrann okkar minnti okkur á nú um daginn, í kjölfarið á nýjustu uppljóstrunum á hneykslinu kringum einkvæðingu bankanna hinna fyrri. Mikið ósköp. En er endilega víst að það eigi við í bankarekstri hér á landi?

Erum við sem sagt ekki nógu brennd af einkavæðingu banka eftir Hrunið og Icesave og allt bóluruglið sem upphófst hér í kjölfar fyrri einkavæðingar?

# Tryggir skóli án aðgreiningar jöfn tækifæri nemenda?



Valgerður Stefánsdóttir
forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskerta

**Flestir geta tekið undir að fólk eigi að hafa jöfn tækifæri til að njóta gæða samfélagsins. Hugtakið án aðgreiningar er gjarnan notað til að orða þessa hugsun og vísar til enska orðsins „inclusion“ í samfélagi, skóla, menntun, atvinnulífi og fleira.**

Hugtakið án aðgreiningar birtist í skólakerfinu í því að allir nemendur eigi að fá tækifæri til að ganga í grunnskóla í heimabyggð. Koma á til móts við náms- og félagslegar þarfir þannig að allir eigi jöfn tækifæri til náms. Ef nánar er að gáð tryggir svona skóli án aðgreiningar, þrátt fyrir góðan ásetning, ekki jöfn tækifæri til náms. Kennsla barna með heyrnarskerðingu er gott dæmi um þetta og þá sérstaklega barna sem tala íslenskt táknmál. Aðrir nemendur í heimaskóla tala íslensku og námsefni er sömuleiðis á íslensku. Þetta felur í sér hindrun fyrir heyrnarskert og táknmálstalandi börn. Þau njóta því ekki jafnra tækifæra og hin heyrandi.

Þessa stöðu má yfirfæra á allt samfélagið. Á sambýlum og elliheimilum, sem eru heimili heyrnarlauss fólks, er ekki táknmálsumhverfi. Fólkið hefur því ekki sömu tækifæri til þess að njóta lífsgæða og aðrir. Í atvinnulífinu er réttur táknmálstalandi starfsfólks til túlkunar ekki tryggður og það á hvorki sama aðgang að símenntun og aðrir né framgangi í starfi og heldur ekki sama aðgang að samstarfsfólki eða yfirmönnum. Þetta þýðir að sjálfsögðu einnig að atvinnulífið getur ekki nýtt til fulls framlag táknmálstalandi fólks.

Innan atvinnulífsins má þó benda á nýlegt jákvætt dæmi. Nú í byrjun febrúar valdi Startup Tourism viðskiptahugmyndina „Deaf Iceland“ til þátttöku í 10 vikna viðskiptahraðli. Með því gefst forsvarsmönnum Deaf Iceland tækifæri til að þróa viðskiptahugmynd, um sérsniðna þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn á táknmáli, undir leiðsögn reyndra frumkvöðla, fjárfesta, lykilaðila innan ferðaþjónustu og annarra sérfræðinga þeim að kostnaðarlausu. Þess má geta að fyrirtækin sem farið hafa í gegnum viðskiptahraðal eru öll starfandi í ferðaþjónustu þannig að góðar líkur eru á að við sjáum táknmálstalandi framkvæmdastjóra í atvinnulífinu innan skamms (með táknmálstúlk sér við hlið?).

**Réttan skilning vantar**

Hugmyndin um samfélag án aðgreiningar lýsir vilja til að koma góðu til leiðar. Það sem á vantar er þó réttur skilningur og farsæl framkvæmd. Núverandi framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar getur til dæmis beinlínis hindrað nám og í henni getur falist alvarleg kerfislæg kúgun. Við þurfum því að endurskoða hvað felst í þessari hugmynd. Skóli þar sem táknmálstalandi börn eru í bekk með börnum sem tala íslensku er ekki skóli án aðgreiningar sem tryggir jafna stöðu nemenda. Atvinnulíf sem sér ekki til þess að tryggja fulla atvinnuþátttöku fólks, sem talar íslenskt táknmál, er ekki heldur atvinnulíf án aðgreiningar. Samfélag sem býður öldruðu og fötluðu heyrnarlausu fólki upp á heimili þar sem starfsfólk talar við hvert annað og heimilismenn á íslensku en ekki íslensku táknmáli er ekki samfélag án aðgreiningar.

Til að fjarlægja hindranir fyrir námi, atvinnuþátttöku, starfsþróun og lífsgæðum fólks með skerta heyrn þarf skilning á því að fólkið heyrir ekki talaða íslensku. Það á hins vegar íslenskt táknmál sem ríkt og fallegt mál. Réttur þess til að njóta þess að lifa með íslensku táknmáli er verndaður í lögum. Sá réttur endurspeglast ekki í samfélaginu okkar. Merking enska orðsins „inclusion“hefur því miður ekki komist til skila með hugtakinu án aðgreiningar. Í stað þess hafa jafnvel orðið til meiri kerfislægar hindranir fyrir táknmálstalandi fólk heldur en áður voru.

Forsenda jöfnuðar er að við skiljum að samfélagið er okkar allra en ekki bara sumra. Í því felst að gera skóla án aðgreiningar að skóla án hindrana, atvinnulíf án aðgreiningar að atvinnulífi án hindrana fyrir táknmálstalandi fólk og sömuleiðis elliheimili og sambýli. Þessu fylgir einnig sá ávinningur að samfélagið fær að njóta framlags táknmálstalandi fólks. Það er okkar ábyrgð að gera nauðsynlegar breytingar til að svo verði.



# 8

**íslensk lið í undanúrslit í Evrópu**

| Lið | Keppni | Árangur | Slógu út |
|---|---|---|---|
| **Valur** 1979-80 | Evrópukeppni meistaraliða | Tap í úrslitaleik | Slógu út lið frá Englandi, Svíþjóð og Spáni. |
| **Þróttur** 1981-82 | Evrópukeppni bikarhafa | Undanúrslit | Slógu út lið frá Noregi, Hollandi og Ítalíu. |
| **FH** 1984-85 | Evrópukeppni meistaraliða | Undanúrslit | Slógu út lið frá Noregi, Ungverjalandi og Hollandi. |
| **Víkingur** 1984-85 | Evrópukeppni bikarhafa | Undanúrslit | Slógu út lið frá Spáni og Júgóslavíu. |
| **Haukar** 2000-01 | EHF-bikarinn | | Slógu út tvö lið frá Noregi og eitt frá Portúgal. |
| **ÍBV** 2003-04 | Áskorendakeppni kvenna | | Slógu út lið frá Búlgaríu, Frakklandi og Króatíu. |
| **Valur** 2005-06 | Áskorendakeppni kvenna | | Slógu út lið frá Grikklandi og Sviss. |
| **Valur** 2016-17 | Áskorendakeppni karla | | Slógu út lið frá Noregi, Svartfjallalandi og Serbíu. |



**Valsmenn fagna hér sigri á serbneska félaginu Sloga á Hlliðarenda og þar með sæti í undanúrslitum í Áskorendakeppni Evrópu þar sem Valur mætir liði Turda frá Rúmeníu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Lengsta Evrópuævintýrið í ellefu ár

**Valur á þrjú af átta liðum sem hafa komist í undanúrslit Evrópukeppninnar en karlalið Vals bættist í hópinn um helgina þegar Hlíðarendaliðið sló út serbneska liðið HC Sloga Pozega um helgina. Það verður því nóg af stórleikjum hjá Valsmönnum á næstu vikum.**

**HANDBOLTI** Serbneska liðið HC Sloga Pozega bættist um helgina í hóp með norska liðinu Haslum og Svartfellingunum í RK Partizan 1949. Engu þessara liða hefur tekist að enda Evrópuævintýri Valsmanna í vetur. Valsmenn fylgdu eftir 30-27 sigri í fyrri leiknum gegn Sloga með 29-26 sigri á Hlíðarenda á laugardagskvöldið. Valsliðið vann því örugglega 59-53 samanlagt.

„Okkur hentar vel að vera í svona úrslitaleikjum alltaf, við sýndum það í bikarkeppninni og ég vona að þessi reynsla muni nýtast okkur vel í úrslitakeppninni í Olís-deildinni," sagði Anton Rúnarsson, leikmaður Vals við íþróttadeild 365 eftir leikinn en nú þarf HSÍ að stilla upp úrslitakeppninni í kringum undanúrslitaleiki Valsliðsins. Það er þétt dagskrá fram undan hjá Val.

„Þetta er mikið afrek fyrir strákana, félagið og handboltann á Íslandi og það geta allir verið stoltir," sagði Óskar Bjarni Óskarsson, annar þjálfari Vals, glaður í leikslok, og bætti við:

„Við erum með ansi laskað lið og það eru margir leikir fram undan ef við komust alla leið í úrslitin. Það verður mikill hausverkur að púsla þessu saman." Valur mætir Turda frá Rúmeníu í undanúrslitum.

### Upplifa allan Balkanskagann

„Það verður glæsilegt að upplifa allan Balkanskagann, ég er búinn að fara til Serbíu, Svartfjallalands og er á leiðinni til Makedóníu með landsliðinu. Ég fer að fara að tala tungumálið og er öllum hnútum kunnugur í tískunni og tónlistinni þarna," sagði Óskar léttur við Íþróttadeild 365 í leikslok.

Valsmenn komust fyrstir íslenska handboltaliða í undanúrslit í Evrópukeppni fyrir 37 árum og á laugardaginn eignaðist Hlíðarendaliðið sitt þriðja lið sem kemst alla leið í undanúrslit í Evrópu. Ekkert annað lið á fleiri en eitt undanúrslitalið í sögu Evrópukeppnanna.

Ellefu ár voru liðin frá því að íslensk lið komst í undanúrslitin í Evrópukeppni og það voru alls liðin sextán ár síðan Ísland átti karlalið svo seint í keppninni.

### Valur með tvö síðustu liðin

Kvennalið Vals og ÍBV áttu stærstu Evrópuævintýrin frá því að karlalið Hauka fór alla leið í undanúrslitin í EHF-bikarnum vorið 2001. Valskonur fóru svo langt í Áskorendakeppninni 2006 eftir sigur á svissneska liðinu Brühl í átta liða úrslitum. Valsliðið féll út á móti rúmensku liði í undanúrslitunum.

Tveimur árum fyrr fóru Eyjakonur jafnlangt í sömu keppni eftir sigur á króatísku liði í átta liða úrslitum. ÍBV datt síðan út í undanúrslitunum á móti verðandi meisturum Nürnberg frá Þýskalandi.

Haukarnir voru fyrir árangur Valsmanna um helgina eina karlaliðið sem hafði komið í undanúrslit í Evrópu á síðustu þremur áratugum. Haukarnir duttu þá út fyrir Metković Jambo frá Króatíu í undanúrslitunum 2001 en landar þeirra hjá Magdeburg, Alfreð Gíslason og Ólafur Stefánsson, hefndu fyrir það tap með því að vinna Króatana.

> **Þetta er mikið afrek fyrir strákana, félagið og handboltann á Íslandi.**
>
> Óskar Bjarni Óskarsson

### Tvö í undanúrslitum vorið 1985

Gullöld íslenskra liða í Evrópukeppninni var þó örugglega 1984-85 tímabilið þegar bæði FH (meistaraliða) og Víkingur (bikarhafa) komust í undanúrslit. FH-ingar áttu þar enga möguleika í verðandi meistara Metaloplastika sem voru langbestir í Evrópu á þessum tíma. Víkingar duttu út þrátt fyrir 20-13 sigur á Barcelona í heimaleiknum eftir ótrúlegan dómaraskandal í seinni leiknum á Spáni sem Börsungar unnu 22-12. Barcelona vann síðan úrslitaleikinn á svipaðan hátt.

Þróttarar náðu einnig einstökum árangri 1981-82 tímabilið þegar þeir fóru alla leið í undanúrslit Evrópukeppninnar í fyrstu tilraun sinni við Evrópukeppni.

### Aðeins eitt lið í úrslitaleik

Valsmenn fóru alla leið í úrslitaleikinn vorið 1980 og það lið er enn þann dag í dag eina íslenska liðið sem hefur spilað til úrslita um Evrópumeistaratitilinn. Valsmenn slógu þá spænska liðið Atlético Madrid út úr undanúrslitum en steinlágu fyrir Grosswallstadt í úrslitaleiknum. Nú verður spennandi að sjá hvort annað Valslið komist í úrslitaleik í Evrópukeppni. Eftir tæpa fjóra áratugi er kominn tími á að fá nýtt lið í klúbbinn. **ooj@frettabladid.is**

# Fólk

Heimili

MÁNUDAGUR 3. APRÍL 2017



# Ekki bara notagildið

Anna Guðmundsdóttir iðnhönnuður hefur vakið athygli fyrir útskriftarverkefni sitt frá School of Industrial Design í Lundi.







Skemmtileg form og litir skiluðu líflegum hlutum fyrir heimilið.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**

Gríms fiskibollur

hollur kostur á 5 mín.






Anna Guðmundsdóttir lauk mastersnámi í iðnhönnun í Lundi á síðasta ári. Hún undirbýr nú þáttöku í Milano Design Week.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



Ég kynnti lokaverkefnið mitt, Beyond Local, í október 2016 en ég tók bæði BA- og Mastersgráðu frá School of Industrial Design í Lund University. Hönnun mín hefur alltaf snúist um sjálfbærni og breytilegt hvort sú sjálfbærni snýr að efnisnotkun, framleiðslu eða upplifun. Það sem veitir mér mestan innblástur er að vinna að verkum sem hafa annan og æðri tilgang en bara notagildi,“ útskýrir Anna Guðmundsdóttir iðnhönnuður.

Anna býr og starfar í Svíþjóð og er lokaverkefni hennar Beyond Local þegar komið í framleiðslu. Verkefnið vakti meðal annars athygli hönnunartímaritsins Dezeen og fram undan er þátttaka í Milano Design Week.

„Ég er nú þegar komin með tvær vörulínur, Beyond Local sem snýst um framleiðslu í heimabyggð og Malmö Upcycling Service sem framleiðir vörur úr endurunnum efnum og iðnaðarúrgangi. Ég tek líka þátt í frumkvöðlastarfi sem heitir SPOK en það er vefsvæði sem skráir framleiðendur staðsetta í Suður-Svíþjóð. Þannig geta hönnuðir á auðveldan hátt fundið framleiðsluvalkosti í heimabyggð. Þarna eru yfir hundrað fyrirtæki á skrá, allt frá handverksfyrirtækjum til stórra iðnfyrirtækja. Undanfarnar vikur hef ég verið upptekin við undirbúning Design Week í Mílanó sem fram fer í byrjun apríl en ég verð með sýningarsvæði í Lambrate. Mig langar að taka þátt í HönnunarMars í Reykjavík á næsta ári því ég vonast til að setja á laggirnar samstarfsverkefni á Íslandi. Vonandi verður því lokið í tæka tíð fyrir næsta HönnunarMars,“ segir Anna. Hún fylgist vel með íslenskri hönnun.

„Ísland er suðupottur sköpunarkrafts. Mér finnst íslenskur sköpunarkraftur nánast áþreifanlegur og náttúran sjálf veitir endalausan innblástur. Íslensk hönnun á sér þó að sjálfsögðu ekki jafn langa forsögu og sú sænska en ég lít á það sem styrk frekar en veikleika. Það hjálpar íslenskum hönnuðum að vera áræðnir og hugsa út fyrir kassann á svipaðan hátt og hollenskir hönnuðir gera. Íslensk hönnun á enn nokkuð í land með að ná þeirri stöðu sem hún verðskuldar,“ segir Anna.

Stórfjölskylda Önnu býr á Íslandi en sjálf eru hún fædd og uppalin í Svíþjóð. Hún segist rækta tengslin við Ísland. „Ég vann nokkur sumur á Íslandi á unglingsárunum og var einn vetur í skiptinámi í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands. Öll stórfjölskyldan býr á Íslandi en ég, pabbi og tvær systur mínar búum í Lundi. Mamma er jörðuð í kirkjugarði Akureyrar og við förum til Íslands á hverju sumri til Íslands og heimsækjum fjölskylduna og leiði mömmu.“



Hönnun hlutanna tók mið af þeim möguleikum sem framleiðsla viðkomandi fyrirtækis bauð upp á.



Ísland er suðupottur sköpunarkrafts. Mér finnst íslenskur sköpunarkraftur nánast áþreifanlegur og náttúran sjálf veitir endalausan innblástur. Íslensk hönnun á sér þó að sjálfsögðu ekki jafn langa forsögu og sú sænska en ég lít á það sem styrk frekar en veikleika.

Hönnunartímaritið Dezeen hefur fjallað um verk Önnu.

# Fasteignir.is

vísir.is FRÉTTABLAÐIÐ

14. TBL. MÁNUDAGUR 3. APRÍL 2017



LANDMARK FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 • landmark.is

Landmark leiðir þig heim!

Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.



Sigurður Samúelsson, Löggiltur fasteignasali, Sími 896 2312
Sveinn Eyland, Löggiltur fasteignasali, Sími 690 0820
Kristján Ólafsson, Hrl. Löggiltur fasteignasali
Þórarinn Thorarensen, Sölustjóri, Sími 770 0309
Eggert Maríuson, Aðstoðarmaður fasteignasala, Sími 690 1472
Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir, skjalagerð
Benedikt Ólafsson, Aðstoðarmaður fasteignasala, Sími 661 7788
Nadia Katrín, Sölufulltrúi, Sími 692 5002
Helga Snorradóttir, Skjalavinnsla
Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir, Lögfræðingur / löggiltur fasteignasali, Sími 895 7784
Ingibjörg Agnes Jónsdóttir, Sölufulltrúi, Sími 897 6717
Jóhanna Gustavsdóttir, Sölufulltrúi, Sími 698 9470



Við gerum betur



Ertu í fasteignahugleiðingum?

Nú er rétti tíminn til að hugsa sér til hreyfings.

Áralöng, dýrmæt og góð reynsla í fasteigna-viðskiptum. Stöndum við bakið á þér alla leið.

Athugið nýtt símanúmer, 510 3000

Elín Viðarsdóttir Löggiltur fasteignasali +354 695 8905
elin@islenskafasteignasalan.is

Guðrún H. Ólafsdóttir Hdl/Löggiltur fasteignasali +354 845 7445
gudrun@islenskafasteignasalan.is

Íslenska fasteignasalan

Hlíðarsmári 12 • 201 Kópavogur
+354 510 3000
sala@islenskafasteignasalan.is



BERG FASTEIGNASALA



Háholt 14, Mosfellsbær
- Sími: 588 5530
- berg@berg.is - www.berg.is
- GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is


# Virðulegt hús í Norðurmýri

Eignamiðlun, fasteignasala kynnir fallegt og virðulegt einbýlishús við Auðarstræti 19. Húsið var teiknað af Guðjóni Samúelssyni.

Húsið er 266,7 fm og skiptist meðal annars í þrjár glæsilegar samliggjandi stofur, eldhús, þrjú rúmgóð svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er þriggja herbergja íbúð með sér inngangi (ekki íbúð samkvæmt teikningu). Lóðin er stór og gróin.

Húsið stendur innst í Auðarstræti á rólegum stað í Norðurmýri. Stutt í Klambratún og Kjarvalsstaði. Göngufæri við miðbæinn.

Á fyrstu hæð er komið inn í flísalagða forstofu og inn af henni er hol. Stofurnar eru parketlagðar. Viðarinnrétting í eldhúsi og góður borðkrókur.

Á annarri hæð eru svalir út af holi. Baðherbergið er flísalagt og bæði með baðkari og sturtu. Gluggi og lögn fyrir þvottavél.

Í kjallara er íbúð í dag en auðvelt að opna á milli hæða. Hvít innrétting er í eldhúsi, góð stofa með parketi og tvö svefnherbergi.

***Nánari upplýsingar veitir Magnea S. Sverrisdóttir, löggiltur fasteignasali, sími 861 8511, magnea@eignamidlun.is***



Einbýlishús með tveimur íbúðum er til sölu við Auðarstræti í Reykjavík.


heimili fasteignasala – á traustum grunni



Bogi Pétursson, lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson, lögg. fasteignasali
Guðbjörg G. Blöndal, lögg. fasteignasali
Jón Bergsson, hdl. og lögg. fasteignasali
Brynjólfur Snorrason
Gunnlaugur A. Björnsson
Ásdís Írena Sigurðardóttir
Hafdís Una Guðnýjardóttir, lögfræðingur

Finndu okkur á Facebook




**Norðurbakki 21a - Glæsileg 4 herb. OPIÐ HÚS**
Glæsileg 140,4 fm 4ra herb. íbúð með tveimur stæðum í bílageymslu í nýlegu lyftuhúsi. Þrjú góð svefnh. þar af er hjónah. með sér svölum, fatah. og baðh.. Stofa og eldhús eru samliggjandi í björtu rými með útgengi út á L laga svalir. Eldhús er með eyju og fallegum innréttingum og inn af eldhúsi er þvottahús. Eign fyrir vandláta. **V: 64,9M** **Opið hús í dag, mánudag, kl. 17:15 -17:45.** **Nánari upplýsingar veitir Brynjólfur, S: 896-2953.**



**Garðaflöt - Einbýlishús - Pantið skoðun**
Vel skipulagt 245 fm einbýli á einni hæð. Húsið er byggt 1968 en hefur verið breytt og endurbætt frá upprunalegri teikningu. Húsið stendur á 805 fm lóð. Húsið er þó ekki að fullu innréttað að innan og þarfnast lagfæringa. Ástandsskýrsla liggur fyrir.
**V 70,0 m** Laust til afhendingar. Upplýsingar veitir Bogi 6993444



**Þorrasalir - Einbýli með aukaíbúð - Pantið skoðun**
Vel skipulagt 300 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Á neðri hæð er ca 45 fm, fullbúin. 2ja herbergja íbúð með sérinngangi. Húsið skortir lokafrágang ig býður upp á nokkra möguleika. Frábært útsýni. **V 98,0m.** Laust til afhendingar. Upplýsingar veitir Bogi 6993444



**Hörðukór - glæsileg efsta hæð með útsýni.**
Einstök útsýnisíbúð við, alls 197 fm með tvennum suður svölum og stæði í bílageymslu. Íbúðin er sérlega vönduð og er með þrem herbergjum, tveim baðherbergjum og stórum stofum. Frábært útsýni í suður, austur og vestur. **Verð 74,9 millj.** Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.




**Öldugrandi 9 - glæsileg 4ra + stæði. Opið hús.**
Stórglæsileg íbúð á 1. hæð ásamt stæði í bílageymslu. íbúðin hefur öll verið endurnýjuð að innan frá a-ö. Þrjú rúmgóð herbergi, opið eldhús við stofu, suðursvalir o.fl. Sérinngangur af svölum. Frábær staðsetning. **Verð 49,9 milljónir.** **Opið hús á morgun þriðjudag frá kl. 17:15 - 17:45.** Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.




**Breiðvangur 44 - stór efri sérhæð ásamt bílskúr. opið hús.**
Björt og rúmgóð um 190 fm efri sérhæð ásamt 33 fm bílskúr í tvíbýlishúsi. Björt suðurstofa með arni og útgangi á bjartar svalir. Stórt sjónvarpsherbergi og fimm svefnherbergi, mögulega sex. Parket á öllum gólfi, tvö baðherbergi. Fullbúinn bílskúr og góð lóð í rækt. **Verð 59,9 millj.** **Opið hús á miðvikudaginn 5 apríl frá kl. 17:15 - 17:45.** Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.



**Rjúpufell - 4ra herb**
110 fm endaíbúð á 2. hæð. 3 svefnherbergi, yfirbyggðar svalir og húsið klætt að utan. Seljendur leita eftir minni íbúð. **V. 36,5 m.**
Upplýsingar veitir Hafdís 6998217




**Sérbýli í Garðabæ. - OPIÐ HÚS.**
Fallegt og vel skipulagt 137fm sérbýli á frábærum stað í Garðabæ. Eignin telur forstofu, rúmgóða stofu, sér sólstofu, þrjú góð svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús í sér rými og bílskúr með góðu geymslulofti. Frá sólstofu eignar er hellulögð verönd til suðurs með útgengi í stóran garð. Fallegt sérbýli á vinsælum stað. Nánari uppl. veitir Brynjólfur, S: 896-2953. **Eignin verður sýnd í opnu húsi á morgun, þriðjudag, kl. 17:15 - 17:45.**

530 6500 | Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is | 530 6500

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Framúrskarandi fyrirtæki 2014–2016



**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



**Heimir Fannar Hallgrímsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is


## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Skaftahlíð 14. 5 herbergja íbúð. Tvennar svalir.




**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**

Björt og mikið endurnýjuð 113,3 fm. íbúð á 2. hæð að meðtalinni sér geymslu og tvennum svölum í litlu fjölbýlishúsi við Skaftahlíð. Fjórar íbúðir eru í stigahúsinu. Stór og björt stofa með gluggum í tvær áttir og svölum til suðurs. Fjögur svefnherbergi. Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á undanförnum árum, m.a. er nýleg innrétting og tæki í eldhúsi, baðherbergi og gler og gluggar að stórum hluta o.fl. Staðsetning eignarinnar er afar góð miðsvæðis og stutt er í skóla, leikskóla og aðra þjónustu.

**Verð 51,9 millj.**

### Arnarnes – glæsilegt einbýlishús



Höfum fengið til sölu þetta stórglæsilega 426,7 fermetra einbýlishús á sunnanverðu Arnarnesi.Eignin, sem er á einni hæð, skiptist m.a. 4 glæsilegar stofur með útgengi á afgirta lóð til suðurs, hjónasvítu, þrjú stór barnaherbergi, þrjú baðherbergi, stórt eldhús og tvöfaldan innbyggðan bílskúr. Mikil lofthæð er í húsinu og hússtjórnarkerfi. Lóðin, sem er 1.406 fermetrar að stærð er afgirt að hluta og með stórum og skjólsælum harðviðarveröndum til suðurs. Baðhús er á lóðinni með gufubaði, heitum potti, sturtum og snyrtingu. Eign fyrir vandláta.

Allar nánari upplýsingar veita Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali í gtj@fastmark.is eða Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali í jon@fastmark.is

### Vesturgata 44.




**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**

Fallegt 150,5 fm. einbýlishús sem er hæð og ris auk séríbúðar í kjallara. Húsið er byggt árið 1882 og stendur á 498,0 fm. eignarlóð. Upprunlegir bitar í loftum og fallegar innihurðir. Gluggasetning, loftlistar og panel klæddir veggir gefa húsinu mikinn sjarma. Tvær rúmgóðar stofur með gluggum til suðurs og er möguleiki að nýta aðra sem þriðja svefnherbergið. Frábær staðseting miðsvæðis í borginni.

**Verð 67,9 millj.**

### Mýrargata 26. 2ja herbergja íbúð með sjávarútsýni




**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**

Vönduð 67,5 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. sér geymslu. Svalir til austurs og sjávarútsýni auk sér bílastæðis í bílageymslu. Gólfhitakerfi er í íbúðinni og gólfsíðir gluggar að hluta. Opið eldhús við stofu, björt stofa og rúmgott svefnherbergi. Frá svölum er útsýni yfir höfnina, að Esjunni og víðar. Bæði er aðkoma að húsinu frá Mýrargötu um sameiginlegan aflokaðan hellulagðan garð þaðan sem sérinngangur er í íbúðina og einnig er aðkoma um stigahús norðan við húsið þaðan sem lyfta er upp á íbúðarhæðina. Stór sameiginlegur þakgarður er á 6. og 7. hæð hússins.

**Verð 44,9 millj.**

### Heiðargerði 8.




**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**

Þó nokkuð endurnýjað 179,5 fm. einbýlishús sem er hæð og ris ásamt bílskúr (hús 143,9 fm og bílskúr 35,6 fm eða samtals 179,5 fm) á frábærum stað í Austurbæ Reykjavíkur. Að innan er búið að endurnýja m.a. eldhús, hluta af gólfefnum og minna baðherbergið. Garðskáli út af stofu. Fimm herbergi. Búið er að skipta um jarðveg í allri lóðinni og er hún mjög falleg með miklum trjágróðri og hellulögðum stéttum. Frábær staðsetning í lokuðum botnlanga þar sem skólar og leikskólar eru í göngufæri.

**Verð 76,9 millj.**

### Bogahlíð 14. 3ja herbergja íbúð ásamt útleiguherbergi í kjallara.




**Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45**

Virkilega falleg og vel skipulögð 97,8 fm. íbúð á 2. hæð í Hlíðunum, að meðtöldum 15,4 fm. útleiguherbergi í kjallara. Góðar svalir til suðurs með útsýni að Öskjuhlíðinni. Stór og björt stofa með stórum gluggum til suðurs. Rúmgóð herbergi. Snyrtileg sameign.

**Frábær staðsetning miðsvæðis í Reykjavík.**

**Verð 44,9 millj.**

### Þverbrekka 4 – Kópavogi. 2ja herbergja útsýnisíbúð á efstu hæð.




**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 18.15 – 18.45**

Vel skipulögð 44,9 fm. íbúð á 10. hæð við Þverbrekku í Kópavogi. Stórir gluggar til vesturs í stofu. Útsýni úr stofu, svefnherbergi og svölum er afar glæsilegt út á sundin, fjallahringinn, yfir Nauthólsvíkina og Öskjuhlíðina, allt að Snæfellsjökli og víðar. Húsið var sprunguviðgert og málað á árunum 2012 og 2014. Búið er að endurnýja allt ofnakerfi í íbúðinni. Sameign öll mjög snyrtileg.

**Verð 27,9 millj.**

### Hátún 6B. 4ra herbergja endaíbúð.




**Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45**

Vel skipulögð 129,2 fm. með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í nýlegu fjölbýlishúsi með lyftu við Hátún auk sér bílastæðis í opnu bílskýli á lóð hússins. Sér geymsla í kjallara er 6,1 fermetri að stærð. Öll svefnherbergin eru mjög rúmgóð og öll með fataskápum. Rúmgott sjónvarpshol og stór stofa með fallegu útsýni að Esjunni og Akrafjalli. Stórar flísalagðar svalir til vesturs útaf stofu.

**Verð 53,9 millj**

### Suðurlandsbraut. Skrifstofuhúsnæði.




101,1 fermetra skrifstofuhúsnæði á efstu hæð með gluggum sem snúa til vesturs í mjög vel staðsettu og snyrtilegu húsi við Suðurlandsbraut 46 (bláu húsin).

Húsnæðið skiptist í hol/móttöku, eldhús og tvær rúmgóðar skrifstofur auk geymslu. Góð aðkoma og fjöldi bílastæða beggja vegna hússins.

**Eigandi skoðar skipti á íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.**

**Verð 25,5 millj.**

### Laugavegur. 4ra – 5 herbergja íbúð. Sérinngangur.



Mikið endurnýjuð 4-5 herbergja 129,7 fm. íbúð á 3. hæð, að meðtalinni 21,9 fm. sér geymslu í kjallara.

Íbúðin er með sérinngangi, mikið endurnýjuð og afar sjarmerandi þar sem hluti upprunalegra gólfefna, viðarbita og veggja hafa fengið að halda sér.

Auk þess hafa raflagnir og rafmagnstafla verið endurnýjuð.

**Verð 69,9 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



**Sverrir Kristinsson** *Lögg. fasteignasali*
**Guðmundur Sigurjónsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*
**Kjartan Hallgeirsson** *Lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri*
**Þórarinn M. Friðgeirsson** *Lögg. fasteignasali, sölustjóri*
**Magnea S. Sverrisdóttir** *MBA, lögg. fasteignasali*
**Hilmar Þór Hafsteinsson** *Lögg. fasteignasali, lögg. leigumiðlari*
**Reynir Björnsson** *Hagfræðingur, lögg. fasteignasali*
**Guðlaugur I. Guðlaugsson** *Lögg. fasteignasali*
**Brynjar Þ. Sumarliðason** *BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s.*
**G. Andri Guðlaugsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*
**Gunnar Jóhann Gunnarsson** *Hdl., lögg. fasteignasali*
**Daði Hafþórsson** *Aðstoðarm. fast.s.*
**Jóhanna Valdimarsdóttir** *Gjaldkeri*
**Elín Þorleifsdóttir** *Ritari*
**Ásdís H. Júlíusdóttir** *Ritari*
**Anna M. Sigurðardóttir** *Ritari*

## AUÐARSTRÆTI 19, 105 REYKJAVÍK







Mjög fallegt og virðulegt 266,7 fm einbýlishús við Auðarstræti 19, 105 Reykjavík. Húsið skipsti m.a. í þrjár glæsilegar samliggjandi stofur, eldhús, þrjú rúmgóð herbergi (fleiri herb. skv. teikningu) og baðherbergi. Í kjallara er 3ja herbergja íbúð með sér inngangi (ekki íbúð skv. teikn.). Stór gróin lóð. Húsið stendur innst í Auðarstræti á rólegum stað í Norðurmýrinni. Klambratún/Miklatún og Kjarvalsstaðir eru í næsta nágrenni. Göngufæri í miðbæinn. **V. 105 m. Nánari upplýsingar veitir: Magnea S. Sverrisdóttir löggiltur fasteignasali s. 861 8511, magnea@eignamidlun.is**

## AUSTURSTRÖND 2, 170 SELTJARNARNES






Mjög falleg og rúmgóð 3ja herb. íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi við Austurströnd 2 á Seltjarnarnesi. Þegar komið er inn í húsið er gengið niður eina hæð til að fara í íbúðina en húsið stendur í halla. Mjög stórar svalir. Stæði í bílageymslu. Samtals 110,3 fm, íbúðarrými 86,5 fm og bílastæði 23,8 fm. Glæsilegt útsýni m.a. sjávar og fjallasýn.

**Opið hús miðvikudaginn 5. apríl milli 17:00 og 17:30.**

**V. 44,9 m.**

## ARNARSMÁRI 28
### 201 KÓPAVOGUR



Mjög falleg 3ja herbergja 85,5 fm íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýlishúsi við Arnarsmára í Kópavogi. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús, tvö rúmgóð herbergi, baðherbergi og þvottahús. Gengið úr stofu út á hellulagða verönd. Stutt í alla helstu þjónstu og leikskóla og skóla. Sjá myndir inná eignamidlun.is. **V. 39,9 m.**

## HRÍSATEIGUR 18
### 105 REYKJAVÍK



Samtals 114,2 fm efri hæð (72,6 fm) og herbergi í risi (14,2 fm) í vel staðsettu húsi ásamt bílskúr (27,4 fm). Á hæðinni eru þrjú svefnherb., baðherb, eldhús og stofa. Íbúðin er laus strax, lyklar á skrifstofu.**Nánari uppl. veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s: 899 1882 eða Brynjar Þ. Sumarliðason aðst.m. fasteignasala s: 896 1168. Sjá myndir inná eignamidlun.is V. 44,9 m.**

## HELGUBRAUT 27
### 200 KÓPAVOGI



Raðhús við Helgubraut í Kópavogi með aukaíbúð í kjallara. Húsið er samtals 288,5 fm að stærð og er mikið endurnýjað m.a. eldhús í báðum íbúðum, gólfefni baðherbergi og innréttingar. Báðar íbúðirnar eru í leigu. Mjög góð staðsetning í grónu hverfi. **V. 74,9 m.**

## DIGRANESVEGUR 48
### 200 KÓPAVOGI



182,4 fm parhús við Digranesveg í Kópavogi sem er kjallari og tvær hæðir. Útbúin hefur verið lítil aukaíbúð í kjallara hússins. Sér inngangur í báðar íbúðir. Húsið er laust strax sölumenn sýna. **Nánari upplýsingar veita: Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s: 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is og Hilmar Þ. Hafsteinsson lg.fs. s: 824 9098. V. 54,9 m.**

## SNORRABRAUT 73
### 105 REYKJAVÍK




Falleg 85,5 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð (efstu hæð). Íbúðin skiptist m.a. í tvær stofur, tvö herbergi, baðherbergi og eldhús. Svalir. Nýtt endurnýjað eldhús. Góð lofthæð í íbúðinni. Góð staðsetning og stutt í alla helstu Þjónustu.

**Opið hús miðvikudaginn 5. apríl milli 17:30 og 18:00.**

**V. 43,9 m**

## STÓRAGERÐI 20
### 108 REYKJAVÍK




Falleg 90,1 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð við Stóragerði í Reykjavík. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, borðstofu og tvö herbergi. Svalir til suðurs. Fyrir þremur árum var skipt um járn og pappa á þaki ásamt því var húsið málað að utan.**Opð hús þriðjudaginn 4. april milli 17:15 og 17:45. V. 39,5 m.**

## HERJÓLFSGATA 34
### 220 HAFNARFJÖRÐUR



92,9 fm þriggja herbergja íbúð í nýju lyftuhúsi á fjórðu og efstu hæð við Herjólfsötu. Aukin lofthæð og tvö stæði í bílageymslu. Við hönnun var kappkostað við að láta húsin falla vel að umhverfinu og skerða ekki útsýni á haf út eða yfir hraunsvæðið. **V. 65,9 m.**

**Nánari upplýsingar veita: Brynjar Þór Sumarliðason aðst.maður fast.sala s: 896 1168, brynjar@eignamidlun.is eða G. Andri Guðlaugsson lg. fs. s: 662 2705.**

## BIRKIHLÍÐ 42
### 105 REYKJAVÍK



Falleg og mikið endurnýjuð samtals 184,4 fm hæð og ris auk bílskúrs í fallegu húsi við Birkihlíð í suðurhlíðunum í Reykjavík. Sér inngangur. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi, snyrtingu og þrjú herbergi (möguleiki að breyta í fjögur herbergi). Þrennar svalir. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni.

**V. 65 m.**

## FÍFUSEL 12
### 109 REYKJAVÍK



Vel skipulögð og björt 4ra herbergja 99,9 fm enda íbúð á 3. hæð (efstu).

Stofan er björt. Rúmgóðar svalir til suðurs. Sjónvarpshol og þvottahús innan íbúðar. Íbúðin er laus strax, lyklar á skrifstofu.

**Nánari uppl. veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s: 899 1882 eða Brynjar Þ. Sumarliðason aðst.m. fasteignasala s: 896 1168. Sjá myndir inná eignamidlun.is.**

**V. 34,9 m.**

## ÚTHLÍÐ 6
### 105 REYKJAVÍK



Mikið endurnýjuð samtals 181,3 fm fimm herbergja efri hæð ásamt bílskúr sem er í dag í útleigu sem einstaklingsíbúð (bílskúr er 39 fm).

Hæðin skiptist m.a. í tvær samliggjandi stofur með rennihurð á milli og þrjú herbergi, þar af eitt forstofuherbergi. Tvennar svalir. Góður sameiginlegur garður.

Frábær staðsetning í Hlíðunum.

**V. 77,4 m.**

## ÞJÓTTUSEL 5, 109 REYKJAVÍK








Mjög fallegt um 300 fm einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð á neðri hæðinni sem er 2ja herbergja og með sérinngangi.
Endurnýjað eldhús og hluti gólfefna efri hæðar. Tvöfaldur bílskúr. Frábærlega staðsett hús í botnlangagötu á mjög góðum útsýnisstað.

**Opið hús þriðjudaginn 4. apríl mill 17:15 og 17:45.**

**V. 89,5 m.**

## MÝRARGATA 26, 101 REYKJAVÍK







Glæsileg 161,6 fm 5 herbergja útsýnisíbúð á 5. hæð í nýlegu og glæsilegu lyftuhúsi við Reykjavíkurhöfn, Mýrargötu 26. Stæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Stofa, borðstofa, fjögur herbergi og tvö baðherbergi. Þvottahús og geymsla innan íbúðar. Góðir svalir. Gólfsíðir gluggar í stofum. Glæsilegt útsýni yfir Reykjavíkurhöfn, til sjávar og yfir Esjuna.

**Nánari uppl. veita: Davíð Jónsson aðstoðamaður fasteignasala í síma 697-3080 / 588-9090, david@eignamidlun.is og Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali í síma 588-9090, kjartan@eignamidlun.is.**

**Sjá myndir inná eignamidlun.is V. 112 m.**

## HVERAFOLD 136, 112 REYKJAVÍK






Glæsilegt um 260 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr í Foldahverfi Grafarvogi. Húsið er á tveimur hæðum. Stofa og borðstofa. Þrjú herbergi en möguleiki á allt að fimm herbergjum. Garður með stórri verönd og heitum potti. Afar falleg eign í grónu hverfi með útsýni yfir Grafarvoginn. **Opið hús mánudaginn 3. apríl milli 17:30 og 18:15. V. 89,9 m.**

## FELLSÁS 12 270 MOSFELLSBÆR





219,2 fm parhús á tveimur hæðum við Fellsás í Mosfellsbæ. Stór stofa og 5 herbergi. Svalir. Húsið stendur innst í botnlangagötu. Gott útsýni er frá húsinu. Húsið er laust strax, lyklar á skrifstofu. **Nánari uppl. veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s: 899 1882 eða Brynjar Þ. Sumarliðason aðst.m. fasteignasala s: 896 1168. Sjá myndir inná eignamidlun.is V. 59,9 m.**

## SKÓGARVEGUR 12, 103 REYKJAVÍK






Glæsileg fullbúin 161,3 fm endaíbúð á efstu hæð í nýju lyftuhúsi við Skógarveg í Fossvogi. Íbúðin skiptis m.a. í stóra stofu sem er samliggjandi við eldhús, þrjú herbergi, fataherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús og forstofu. Vandaðar innréttingar og tæki. Íbúðinni fylgir bílastæði í bílageymslu. Rúmgóðar svalir eru útaf stofu. Íbúðin er laus nú þegar. **Opið hús mánudaginn 3. apríl milli 17:15 og 17:45 (íb. 309). V. 93,9 m.**

## VESTURBRAUT 13, 220 HAFNARFJÖRÐUR





Heil húseign, samtals 355,4 fm, við Vesturbraut 13, Hafnarfirði. Um er að ræða tvær samþykktar íbúðir og tvær ósamþykktar íbúðir. Tvöfaldur bílskúr. Eignin þarfnast viðhalds. Húsið er laust strax, lyklar á skrifstofu. Nánari uppl. veita: Davíð Jónsson aðstoðamaður fasteignasala í síma 697 3080 og Hilmar Hafsteinsson löggiltur fasteignasali í síma 824-9098. Sjá myndir inná eignamidlun.is. V. 89 m.

## HRAUNPRÝÐI 9
## 210 GARÐABÆ



Fallegt nýtt 232,7 fm fullbúið einbýlishús á einni hæð, þar af 36,5 fm bílskúr í fallegu náttúrulegu umhverfi í Garðahrauni. Arkitekt Halldóra Vífilsdóttir. Verkfræðihönnun TÓV verkfræðistofa ehf. Glæsilegt hús sem skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, geymslu og bílskúr. Húsið afhendist samkvæmt lýsingu 20. júní n.k. **V. 106 m.**

## SKEIÐAKUR 7
## 210 GARÐABÆR



Einstaklega vel staðsett eignarlóð í Akrahverfinu í Garðabæ. Lóðin er staðsett innst í götu og er stutt í alla helstu þjónustu. Lóðin er skráð 903 fm eignarlóð. Teikningar eftir Sigurð Hallgrímsson (ósamþykktar) geta fylgt ef sérstaklega er um það samið. Eftir á að fá samþykktar teikningar og greiða gatnagerðagjöld í samræmi við þær.**Nánari upplýsingar veitir Andri Guðlaugsson lögg. fasteignasali í síma 662-2705 eða á andri@eignamidlun.is V. 39,5 m.**

## NORÐLINGABRAUT 16, 110 REYKJAVÍK





Höfum fengið í sölu eignina Norðlingabraut 16, byggingarlóð fyrir iðnaðarhúsnæði fyrir allt að 3.400 fm á tveimur hæðum. Um er að ræða vel staðsetta lóð undir iðnaðarhúsnæði með gott aulýsingargildi í Norðlingaholti. Búið er að greiða gatngerðargjöld. **Nánari upplýsingar veita: Daði Hafþórsson aðstoðarmaður fasteignasala í s: 824 9096 / 588 9090, dadi@eignamidlun.is og Guðlaugur Ingi Guðlaugsson löggiltur fasteignasali í s: 588 9090. V. 180 m.**

FASTEIGNASALAN

# TORG

Áb. Sigurður Gunnlaugsson lgfs.

**520 9595**

Fasteignasalan TORG  Garðatorgi 5  210 Garðabær  www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur



| Sigurður Fasteignasali 898 6106 | Hafdís Sölustjóri 820 2222 | Árni Ólafur Fasteignasali 893 4416 | Dórothea Fasteignasali 898 3326 | Þorsteinn Fasteignasali 694 4700 | Jóhanna Kristín Fasteignasali 698 7695 | Bjarni Sölufulltrúi 895 9120 | Berglind Fasteignasali 694 4000 | Þóra Fasteignasali 822 2225 | Þorgeir Fasteignasali 696 6580 | Sigríður Fasteignasali 699 4610 | Garðar Fasteignasali 899 8811 | Halla Fasteignasali 659 4044 | Alexander Sölufulltrúi 695 7700 | Hrönn Sölufulltrúi 692 3344 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

## Engihjalli 9 — 200 Kópavogi — 38.900.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 3.apríl kl. 18.00 - 18.30**

**Herbergi:** 4  **Stærð:** 97,4 m²

Rúmgóð og vel skipulögð, skemmtileg 4ra herbergja íbúð á 9. hæð með glugga á þrjár hliðar. Tvennar stórar svalir, til suður og vesturs. Þrjú svefnherbergi, þ.a. tvö ágætlega stór. Íbúðin er mikið endurnýjuð. Bæði bað og eldhús nýlega endurgerð og skipt um tæki sem öll fylgja. Sameiginlegt þvottahús þriggja íbúða er á hæðinni auk geymslu í kjallara. Frábært útsýni til allra átta, til fjalla sem og sjávar. Tvær lyftur. Sterkt húsfélag. Íbúð og sameign líta vel út.

**Upplýsingar veitir Árni fasteignasali í gsm: 893 4416**

## Drumboddsstaðir 10 — 801 Árnessýslu — 23.900.000



**SUMARHÚS Á EIGNARLÓÐ**

**Herbergi:** 5  **Stærð húss:** ca 60 m²  Eignarlóð: 5.003 m²

Skemmtilegt sumarhús á 5.003 fm eignarlóð úr landi Drumboddsstaða II, Biskupstungum. Húsið var 43,5 fm en hefur verið stækkað og er nú um 60 fm. Húsinu fylgir skúr, áhaldageymsla. Stór sólpallur. Fallegt umhverfi og mikið útsýni. Húsið er í litlu hverfi sumarhúsa á hæðaröldu. Nostrað hefur verið við húsið. Stutt í perlur Suðurlands, t.d. Geysi, Skálholt og allt það sem uppsveitir Árnessýslu bjóða uppá. Vinsamlega pantið skoðun og við skipuleggjum sýningarferð.

**Upplýsingar veitir Árni fasteignasali í gsm: 893 4416**

## Vesturhólar 5 — 111 Reykjavík — 59.900.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 3. apríl kl. 17:30-18:00**

**Herbergi:** 4-7  **Stærð:** 210,4 m²

Einbýlishús á 3 pöllum m/3 svefnherbergjum á aðalhæð (voru áður 4), herbergi í kjallara og óskráðu rými undir svefnherbergisálmu sem hægt væri að breyta í litla íbúð. Komið inn á aðalhæð þar sem er eldhús, rúmgott hol þar sem áður var herbergi), baðherbergi m/tengi f/þvottavél/þurrkara og 3 herbergi. Á efsta palli er stofa og borðstofa. Í kjallara er sérinngangur, herbergi, lítið baðherbergi m/sturtu og geymsla undir stiga. Fallegt og vel lagt eikarparket á öllum hæðum. Frábært útsýni yfir borgina. Sérstæður bílskúr. Húsið þarfnast viðhalds.

**Upplýsingar veitir Jóhanna Kristín fasteignasali í gsm: 698 7695**

## Þórsgata 12 — 101 Reykjavík — 62.900.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 3. apríl kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 4  **Stærð:** 127,3 m²

Glæsileg, rúmgóð og björt íbúð á frábærum stað í miðborginni. Íbúðin er á þriðju hæð í fallegu 6 íbúða húsi við Þórsgötu. Þrjú svefnherbergi (eitt notað sem sjónvarpsherbergi) stór stofa og mjög rúmgott eldhús. Allar innihurðar, fataskápar og parket var endurnýjað árið 2016 og þá var íbúðin einnig máluð. Stigagangurinn er mjög snyrtilegur og bjartur. Sjarmerandi útsýni er frá íbúðinni og örstutt í alla þjónustu.

**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

## Hafnarberg 10 — Þorlákshöfn — 42.500.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 4. apríl kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 7  **Stærð:** 234,4 m²

Fallegt og frábærlega vel staðsett einbýlishús á einni hæð ásamt 25,3fm bílskúr. Húsið er teiknað af Skarphéðni Jóhannssyni og garðurinn hannaður af Stanislas Bohic. Gólfsíðir gluggar setja skemmtilegan svip á eignina, möguleiki er á allt að 5 svefnherbergjum og stofur er rúmgóðar og bjartar. Garðurinn er skjólsæll og fallegur með veröndum, lýsingu og heitum potti. Staðsetning er góð og örstutt er í skóla og leikskóla.

**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

## Nýhöfn 3 — 210 Garðabæ — 69.900.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 3.apríl kl.17:30-18:00**

**Stærð:** 161,0 m²

Glæsileg 3ja herbergja íbúð á tveimur pöllum með einstöku sjávarútsýni, góður bílskúr með geymslu innaf. Húsið er 3ja hæða lyftuhús með innangengt úr bílskúr í sameign. Íbúðin er vel búin vönduðum eikarinnréttingum. Stórar svarlir en auk þeirra er þakverönd yfir bílskúr. Glæsieign á vinsælum útsýnisstað í Sjálandinu.

**Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

## Rjúpufell 8 — 111 Reykjavík — 54.900.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 3. apríl kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 5  **Stærð:** 157,3 m²  Bílskúr

Mjög fallegt og vel skipulagt raðhús á einni hæð með bílskúr. Fjögur svefnherbergi. Eignin er mikið endurnýjuð og var hún öll tekin í gegn að innan á árunum 2006 og 2007. Glæsilegur garður með stórri nýlegri timburverönd er á bak við húsið sem snýr til suðurs. Búið er að draga í nýtt rafmagn og skipta um hitaveitulagnir og ofna. **Upplýsingar veitir Berglindr fasteignasali í gsm: 694 4000**

## Miklabraut 60 — 105 Reykjavík — 30.900.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 3. apríl kl. 18.30-19.00**

**Herbergi:** 3  **Stærð:** 56 m²

Hlynur Andrésson setti Íslandsmet í 5000 metra hlaupi á Stanford boðsmótinu í Kaliforníu um helgina þegar hann hljóp á 14:00,83 mínútum. Hlynur bætti þarna sjö ára gamalt met Kára Steins Karlssonar sem var 14:01,99 mínútur og sett á sama stað. Hlynur stundar nám við Eastern Michigan háskólann í Bandaríkjunum.

FRUMSÝNING HJÁ KRISTÓFER



Annar leikur Íslandsmeistara KR og Keflavíkur í undanúrslitum Domino´s deildar karla fer fram í Keflavík klukkan 19.15 í kvöld og er í beinni á Stöð 2 Sport. KR vann fyrsta leikinn með 19 stigum og mætir auk þessa í kvöld með landsliðsmanninn Kristófer Acox, ferskan og í frábæru formi úr bandaríska háskólaboltanum.

# ELSA GUÐRÚN VANN ÞREFALT


**Elsa Guðrún Jónsdóttir hefur unnið ellefu Íslandsmeistaratitla á ferlinum.**

**SKÍÐI** Skíðalandsmót Íslands fór fram í Hlíðarfjalli við Akureyri um helgina en þar var bæði keppt í alpagreinum og skíðagöngu. Ólafsfirðingurinn Elsa Guðrún Jónsdóttir var sigursælust á mótinu en hún vann allar göngugreinar kvenna eða sprettgöngu, göngu með frjálsri aðferð og göngu með hefðbundinni aðferð.

Isak Stiansson Pedersen úr SKA vann bæði sprettgönguna og göngu með frjálsri aðferð en hann vann einnig flokk 18 til 20 ára drengja. Framtíðarmaður. Brynjar Leó Kristinsson vann göngu með hefðbundinni aðferð, en þar varð Sævar Birgisson annar og Ísak þriðji.

Freydís Halla Einarsdóttir og Sturla Snær Snorrason voru sigursælust í alpagreinunum.

Sturla Snær vann bæði svig og stórsvig hjá strákunum. Bjarki Guðjónsson úr Skíðafélagi Akureyrar vann samhliðasvigið.

Ármenningurinn Freydís Halla Einarsdóttir varð Íslandsmeistari í bæði stórsvigi og samhliða svigi en hún fékk síðan silfur í sviginu. Helga María Vilhjálmsdóttir vann svigið örugglega og fékk auk þess silfur í stórsviginu. - óój

## Kærstuparið hélt báðum beltunum

Ásmundur Hálfdán Ásmundsson, úr UÍA og Marín Laufey Davíðsdóttir úr HSK vörðu bæði beltin sín á Íslandsglímunni um helgina í Iðu á Selfossi. Ásmundur sigraði Pétur Þóri Gunnarsson, Mývetning í síðustu glímunni og tryggði sér Grettisbeltið annað árið í röð. Marín sigraði allar sínar glímur af miklu öryggi. Jana Lind Ellertsdóttir varð í 2. sæti. Þetta er í fimmta sinn sem Marín Laufey sigrar keppnina um Freyjumenið en metið á Svana Hrönn Jóhannsdóttir sem vann það sex sinnum á sínum tíma.

Svo skemmtilega vill til að þau Marín og Ásmundur eru kærustupar og bæði beltin verða því í góðu sambandi næsta árið. - óój



**Ásmundur og Marín Laufey með beltin.** FRÉTTABLAÐIÐ/GRETA SVERRISDÓTTIR




## Merkisatburðir

**1882** Útlaginn og lestarræninginn Jesse James var myrtur af Robert Ford. Ford var meðlimur í gengi James og vonaðist til að fá verðlaunaféð sem í boði var fyrir líf leiðtogans.

**1882** Bergur Thorberg, landshöfðingi Dana á Íslandi, tilkynnti að stofnuð yrði geymsla fyrir skjalasöfn æðstu embætta landsins. Það lagði grunninn að Þjóðskjalasafni Íslands.

**1888** Fyrsta fórnarlamb Kobba kviðristu fannst látið í London. Alls fundust ellefu konur látnar á þriggja ára tímabili sem talið er að Kobbi hafi myrt. Morðinginn fannst aldrei.

**1895** Réttarhöld hófust yfir Oscar Wilde en hann var að endingu sakfelldur fyrir samkynhneigð.

**1922 Joseph Stalín varð ritari sovéska Kommúnistaflokksins.**

**1936** Bruno Hauptmann var tekinn af lífi fyrir að hafa rænt og myrt son flugmannsins rómaða Charles Lindbergh.

**1948** Harry S. Truman, forseti Bandaríkjanna, skrifaði undir löggjöf sem ýtti Marshall-aðstoðinni úr vör.

**1973** Martin Cooper, starfsmaður Motorola, hringdi fyrsta símtalið úr farsíma.

**1975** Bobby Fishcer neitaði að tefla heimsmeistaraeinvígi við áskorandann Anatolíj Karpov. Með því tapaði hann krúnunni sem hann vann af Boris Spasskíj í Reykjavík þremur árum áður.

**1984** Banni við hundahaldi í Reykjavík var aflétt. Það hafði þá verið í gildi í þrettán ár.

**2010** Fyrsti iPadinn, framleiddur af Apple-fyrirtækinu, kom út.





Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Sigurbjörg Sigurðardóttir**

Seltjarnarnesi,

lést fimmtudaginn 30. mars. Útför fer fram frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 6. apríl kl. 13.00.

**Kristinn Hraunfjörð**
**Dagbjört H. Kristinsdóttir** **Páll Bragason**
**Magnús H. Kristinsson** **Gígja Sigurðardóttir**
**Bjarki H. Kristinsson** **Jóna Björk Viðarsdóttir**
**Axel Kristinsson** **Rán Ólafsdóttir**
**barnabörn og Buffy.**



Okkar yndislega

**Sesselja Hauksdóttir**

fyrrverandi leikskólafulltrúi,

verður kvödd hinstu kveðju í Grafarvogskirkju föstudaginn 7. apríl klukkan 15.

Blóm og kransar eru einlæglega afþökkuð en þeim sem vilja minnast Sesselju er bent á Krabbameinsfélagið eða líknardeild Landspítalans.

**Þorsteinn G. Benjamínsson, Júlía Guðmundsdóttir, Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir, Haukur Hlíðkvist Ómarsson, Helga P. Finnsdóttir, Hrafn Hlíðkvist Hauksson, Salka Hlíðkvist Einarsdóttir, Hekla Hlíðkvist Hauksdóttir, Hugrún Hlíðkvist Hauksdóttir, Guðmundur Valgeir Þorsteinsson, Inga Dögg Þorsteinsdóttir, Kjartan Ásþórsson, Arnar Þór Þorsteinsson, Aron Smári Kjartansson, Karen Dís Kjartansdóttir, Thelma Sól Kjartansdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður með ritið góða sem selt verður í safninu frá og með deginum í dag.**

# Gefa út veglegt rit um elsta manntal heims

**Þjóðskjalasafnið er 135 ára í dag og af því tilefni er gefið út rit um Manntalið 1703 sem dönsk stjórnvöld ákváðu að framkvæma. Það er elsta varðveitta manntal í heiminum sem nær til allra íbúa í heilu landi og er það á heimsminjaskrá UNESCO.**

**Þetta rit, Manntalið 1703, arfur okkar allra, er skrifað og tekið saman af því tilefni að manntalið 1703 var tekið inn á skrá UNESCO, Memory of the World Register, árið 2013. Þeim, sem eru með svona heimildir á sinni könnu, ber að kynna það og við erum að efna það loforð og kynna ritið fyrir íslensku þjóðinni," segir Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður en í dag verður Þjóðskjalasafn Íslands 135 ára.**

Af því tilefni hefur verið gefið út lítið rit um manntalið frá 1703 og er það 48 blaðsíður að lengd og prýtt myndum og margvíslegu skýringarefni. Kristjáni Þór Júlíussyni, mennta- og menningarmálaráðherra, verður afhent fyrsta eintakið á afmælishátíð safnsins í dag.

Dönsk stjórnvöld tóku ákvörðun um fyrsta heildarmanntal á Íslandi árið 1702. Vegna kvartana Íslendinga undan slæmu árferði og harðindum í lok 17. aldar taldi stjórnin í Kaupmannahöfn rétt að kanna aðstæður hér á landi m.a. með því að láta gera „eitt fullkomið registur yfir allt fólkið í landinu" eins og segir í fyrirmælum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns til sýslumanna. Sýslumenn báru ábyrgð á framkvæmd manntalsins en þeir fengu hreppstjóra til að annast sjálfa talninguna. Verkið tókst vel og verður að teljast mikið afrek. Talið var í öllum hreppum og eru allar manntalsskrárnar til enn þann dag í dag, varðveittar í Þjóðskjalasafni.

Sérstaða manntalsins 1703 felst í því að það er elsta varðveitta manntal í heiminum sem nær til allra íbúa í heilu landi þar sem getið er nafns, aldurs, heimilisfangs flestra og þjóðfélags- eða atvinnustöðu allra þegnanna. Engin önnur þjóð í heiminum á jafnnákvæmar lýðfræðiupplýsingar frá þessum tíma. „Þarna er Jón Hreggviðsson og hans fólk frá Reyn á Akranesi. Talningin fór fram að hausti og hann er tekinn af lífi í júlí, á svipuðum tíma sem sýslumenn eru að skila manntalinu."

Þegar Þjóðskjalasafn átti 130 ára afmæli árið 2012 sótti það um að manntalið færi á skrá UNESCO, Memory of the World Register. Árið eftir var sú umsókn samþykkt. Nú fimm árum síðar í tilefni af 135 ára afmæli safnsins gefur safnið út lítið rit um manntalið.

„Það er alveg ljóst í mínum huga og gerð grein fyrir því í ritinu að Árni Magnússon taldi úr manntalinu skömmu eftir að það var tekið. Þessu hefur ekki verið almennt haldið á lofti en við athugun mína þá er gömul kenning staðfest. Það er nýjung. Sú talning varð aldrei opinber." **benediktboas@365.is**

ÞETTA GERÐIST 3. APRÍL 2016

## Sigmundur Davíð gekk út

Í dag er liðið ár frá því að Panamaskjalaþáttur Kastljóssins fór í loftið. Skömmu eftir að þátturinn fór í loftið tók Sigurður Ingi Jóhannesson við embætti forsætisráðherra af Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

Í þættinum var fjallað um gagnaleka frá panamísku lögmannsstofunni Mossack Fonseca en skjöl úr lekanum sýndu meðal annars hvernig þrír ráðherrar ríkisstjórnarinnar áttu tengsl við aflandsfélög. Þar var líka sýnt viðtal við Sigmund Davíð Gunnlaugsson, þáverandi forsætisráðherra, en hann endaði á því að strunsa úr viðtalinu.

Daginn eftir fóru fram fjölmenn mótmæli á Austurvelli en áætlað er að yfir 20 þúsund mótmælendur hafi látið sjá sig. Yfirskrift þeirra var „Kosningar strax".

Degi síðar brunaði Sigmundur Davíð á Bessastaði eftir fund með Bjarna Benediktssyni. Markmið þess fundar var að fá heimild til að rjúfa þing og boða til kosninga. Ólafur Ragnar Grímsson, þá forseti Íslands, féllst ekki á bónina.

Það fór svo að ríkisstjórnin starfaði áfram í hálft ár í viðbót en með Sigurð Inga Jóhannesson í brúnni. Sigmundur Davíð steig til hliðar. Kosningar fóru fram 29. október hálfu ári fyrr en áætlað var í upphafi.



**Sigmundur Davíð lét af embætti forsætisráðherra í kjölfar mótmæla fyrir ári síðan.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

KRÆKTU ÞÉR Í

# Morgunverð

ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN

Kl. 8-11

**20%**

AFSLÁTTUR

GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA Í EINKAEIGN

MORGUNVERÐ GILDA Á ÖLLUM SKOÐUNAR-STÖÐVUM FRUMHERJA ÚT APRÍL 2017




Morgunverð veita 20% afslátt af skoðunargjaldi og gilda frá 8-11 virka morgna. Á sama tíma býðst þér að þiggja gæðakaffibolla og frítt WIFI á meðan skoðunin fer fram.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

# VELDU ÞÉR SKOÐUNARSTÖÐ

**ÞANN 31. MARS 2017 LOKAR SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HESTHÁLSI 6-8 RVK. NÝ GLÆSILEG STÖÐ OPNAR AÐ HÁDEGISMÓUM Í JANÚAR 2018.**




**Frumherji**

www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Sunnan strekkingur í dag og vætusamt, en suðvestlægari um landið vestanvert fyrir hádegi og kólnar með slyddu og síðar éljum. Þurrt og milt austantil fram á kvöld.




### Þriðjudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1° | 10 |
| Ísafjörður | -5° | 14 |
| Akureyri | -1° | 17 |
| Egilsstaðir | 2° | 13 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | 15 |
| Hveravellir | -5° | 18 |

### Miðvikudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 4° | 18 |
| Ísafjörður | -4° | 10 |
| Akureyri | -2° | 8 |
| Egilsstaðir | -2° | 9 |
| Kirkjubæjarkl. | -0° | 7 |
| Hveravellir | -3° | 21 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | 6 | 4 | 8 | |
| | 4 | | | 1 | 3 | 5 | | 6 |
| | | | | | 7 | 1 | 2 | |
| 4 | 1 | | | 8 | | 9 | | 5 |
| | | 3 | 5 | | | | | |
| 8 | 9 | | 6 | | 1 | | | |
| | 3 | 8 | 1 | | | | 6 | |
| 9 | 2 | | | | | | | |
| | | | | 3 | 8 | 2 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | | | | 6 | |
| | | 9 | 2 | 1 | | | | |
| 1 | | 8 | 3 | | 6 | | 5 | 9 |
| 6 | 5 | | | 7 | | | 8 | |
| | | | 9 | | 3 | 4 | | |
| | | 3 | 1 | | | | | |
| | 7 | | | | | | | 2 |
| 2 | | 4 | | | | | 9 | |
| | | 5 | | | 4 | 1 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |
| | 5 | 6 | | 9 | | | | 1 |
| | | 1 | | | 4 | | | 7 |
| | | | | 1 | | 7 | 3 | 2 |
| | | 4 | 2 | | | 8 | | |
| | 6 | 3 | | 5 | | | 1 | |
| | | | | | | | 7 | |
| | 1 | | 6 | 8 | | | | |
| | | 2 | | 4 | | 3 | 6 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. gætt
6. frá
8. kvikmyndahús
9. fúsk
11. rómversk tala
12. einrækta
14. skrifa á
16. strit
17. efni
18. almætti
20. tveir eins
21. nabbi.

**LÓÐRÉTT**
1. hyski
3. í röð
4. misseristal
5. næði
7. þögull
10. sönghús
13. lúsaegg
15. kjáni
16. síða
19. tveir eins.




**LÁRÉTT:** 2. gátt, 6. af, 8. bíó, 9. kák, 11. mm, 12. klóna, 14. árita, 16. at, 17. tau, 18. guð, 20. ll, 21. arða.
**LÓÐRÉTT:** 1. pakk, 3. áb, 4. tímatal, 5. tóm, 7. fáláтur, 10. kór, 13. nit, 15. auli, 16. aga, 19. ðð.

## Skák Gunnar Björnsson

Hörður Jónasson (1513) átti leik gegn Ingvari Agli Vignissyni (1693) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák í gær.



**Hvítur á leik**
**32. Rxg5+! hxg5 33. Hh1+ Kg6 34. Dh5+ Kf5 35. Dxf7 Hc2+ 36. Kg1 Rc4 37. Dh7# 1-0.** Guðmundur Gíslason, Jóhann Ingvason og Bragi Halldórsson eru efstir með fullt hús eftir tvær umferðir.

**www.skak.is:** Þrjú skákmót í dag/kvöld.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 6 | 1 | 2 | 5 | 8 | 4 |
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 2 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 3 | 7 |
| 6 | 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 4 | 8 | 1 | 7 | 5 | 3 | 2 | 6 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 9 | 6 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 9 | 6 | 8 | 5 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 1 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 8 | 6 | 9 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 6 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 8 | 6 | 5 | 3 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 5 | 3 | 2 | 7 | 4 | 8 |
| 7 | 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 1 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 9 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 5 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 3 | 6 | 9 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 6 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 2 | 7 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**MIKLAR HÆKKANIR**

Fasteignamarkaðurinn hefur verið í mikilli uppsveiflu síðustu misserin, þar sem minni eignir seljast á mjög háu verði. Einnig eru stærri eignir farnar að seljast vel og verð á sérbýlum hefur hækkað talsvert á síðustu 15 mánuðum.

**Hvers virði er þín eign? Hafið samband og fáið frítt söluverðmat.**



LIND FASTEIGNASALA
Kristján Þórir Hauksson, löggiltur fasteignasali
kristjan@fastlind.is · Sími 696 1122

FRÉTTABLAÐIÐ



Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

N1 olís nettó BÓNUS Samkaup










| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 10:40 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| GHOST IN THE SHELL 2D VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 8 - 10:40 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| FIST FIGHT | KL. 8 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 8 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 5:30 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 8 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 10:45 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:10 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 - 8 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 10:10 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 8 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 8 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 3. APRÍL

### Tónlist

**Hvað?** Mánujazz
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Hlustaðu á djass á Húrra í tilefni mánudags.

**Hvað?** DJ Spegill
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Egill kenndur við spegil spilar á Priki allra landsmanna þennan fagra mánudag.

### Viðburðir

**Hvað?** Leiklistarspjall – Sveinn Einarsson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Sveinn Einarsson hefur verið í fremstu röð íslenskra leikhúsmanna í hálfa öld, þó að hann hafi kannski haft hægar um sig hin síðari ár nema í skriftum. Sveinn ætlar að deila með gestum fróðleik, skoðunum og sögum úr lífinu og leikhúsinu. Þá mun hann segja frá sinni nýjustu bók Íslensk leiklist III.

**Hvað?** Listmunauppboð nr. 104
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gallerí Fold, Rauðarárstíg
Gallerí Fold mun standa fyrir tvöföldu uppboði á listmunum en alls verða boðin upp 148 verk. Á uppboðinu kennir ýmissa grasa en meðal þeirra verka sem á uppboðinu verð eru meðal annars verk gömlu meistaranna.

**Hvað?** Umræðuþræðir: Guillaume Bijl
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Belgíski listamaðurinn Guillaume Bijl heldur fyrirlestur um list sína og feril. Í tilefni af fyrstu heimsókn sinni til Íslands mun Bijl kynna list sína með fyrirlestrum í Hafnarhúsinu og í Listaháskóla Íslands. Einnig mun hann sýna innsetningu í listarýminu Mengi á Óðinsgötu 2.

**Hvað?** Konur og jazz - Fyrirlestur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hátíðarsalur FÍH
Anna Gréta Sigurðardóttir talar opinskátt um sína persónulegu reynslu af því að vera ung kona á djassenunni á bæði Íslandi og í Svíþjóð og hvernig má betur fara svo tækifæri bæði kvenna og karla séu jöfn á djasssenunni. Fyrirlesturinn er opinn, allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis. Fyrirlesturinn er í samstarfi við Tónlistarskóla FÍH, Nemendafélag FÍH og KÍTÓN.

**Hvað?** Fostering vibrant schools: Nurturing compassion, building trust, and celebrating strengths
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Háskóli Íslands, Stakkahlíð

**Hvað?** Grunnnám - Hvað svo?
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Háskólatorg
Hvað er í boði í Háskóla Íslands að loknu grunnnámi? Getur nemandi með BA-gráðu í mannfræði farið í talmeinafræði? Getur nemandi með BS-gráðu í hjúkrunarfræði farið í framhaldsnám í guðfræði? Getur nemandi með BS-gráðu í tölvunarfræði farið í framhaldsnám í leikskólakennarafræði? Hverjar eru forkröfurnar fyrir hverja og eina námsleið í framhaldsnámi við Háskóla Íslands? Sérfræðingar deilda og fræðasviða Háskóla Íslands veita svör við þessum spurningum og ótal fleiri á Litla-Torgi þriðjudaginn 4. apríl milli kl. 16 og 17.30.

### Sýningar

**Hvað?** Kjarval – lykilverk
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Á sýningunni gefst gott tækifæri til að kynnast mörgum lykilverkum frá ferli listamannsins og fá innsýn í þau meginstef sem voru uppistaðan í lífsverki hans. Annars vegar landið í öllum sínum fjölbreytileika og hins vegar það líf og þær táknmyndir sem Kjarval skynjaði í landinu, það sem hugurinn nemur ekki síður en það sem augað sér.

**Hvað?** Erró: Því meira, því fegurra
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Á þessari sýningu er varpað sérstöku ljósi á verk Errós sem byggjast á ofgnótt og ofmettun. Slík myndgerð hefur alla tíð verið mikilvægur þáttur í listsköpun hans og má rekja aftur til ungdómsverka hans. Meira en þrjátíu verk úr Errósafni Listasafns Reykjavíkur – málverk, klippimyndir og kvikmyndir – sýna hvernig listamaðurinn skapar flóknar og hlaðnar myndbyggingar, sem miðla myndefni tengdu stjórnmálum, vísindum, skáldskap og listasögu.

**Hvað?** Ilmur Stefánsdóttir: Panik
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Í A-sal Hafnarhúss ríkir óstöðugleiki og fát. Það hriktir í burðarvirkinu þar sem kona hamast við eitthvað sem ekki hefur augljósan tilgang. Hún hleypur, hoppar, hjólar og notar ýmis torkennileg tæki til að skapa hreyfingu hreyfingarinnar vegna. Svo virðist sem sýningarsalurinn kunni undan að láta og spurningin er hvort basl konunnar geti haldið honum uppi eða sé orsök þess að hann er við það að bresta.

**Hvað?** Ásmundur Sveinsson og Þorvaldur Skúlason: Augans börn
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Ásmundarsafn, Sigtúni
Á þessari sýningu má sjá verk eftir þá Ásmund Sveinsson (1893 – 1982) og Þorvald Skúlason (1906 – 1984) sem voru í hópi þeirra listamanna sem stöðugt voru að tileinka sér ný viðhorf innan myndlistarinnar um miðja síðustu öld. Margir íslenskir myndlistarmenn sóttu nám erlendis þar sem þeir kynntust nýjum framsæknum hugmyndum og tóku að færast nær stefnum nútímalistar með tilheyrandi formtilraunum.



**Ofgnótt einkennir þau verk Errós sem sýnd eru í Hafnarhúsinu um þessar mundir.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Dæmisögur – vöruhönnun á 21. öld
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Í vestursal Kjarvalsstaða eru samankomin nokkur framúrskarandi verkefni sem hvert um sig endurspeglar með skýrum hætti ólík viðfangsefni vöruhönnunar. Þannig fæst innsýn í helstu strauma og stefnur í faginu hér á landi undanfarin ár. Á sýninguna hafa verið valdir hönnuðir og fyrirtæki sem vinna hver út frá sinni áherslu. Þessar áherslur eru upplifun, handverk, staðbundin framleiðsla, efnisrannsóknir, hreyfanleiki og fjöldaframleiðsla. Um leið og verkefnin endurspegla fjölbreytileika fagsins sýna þau tækifærin sem samfélaginu standa til boða með því að nýta krafta skapandi hugsunar.

**Hvað?** D30 Ragnar Þórisson: Mannslíki
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Málverk Ragnars eru afrakstur áralangra tilrauna hans þar sem hann málar iðulega manneskjur í hlutlausu umhverfi. Uppstillingar hans sýna fólk á margræðan hátt, sveipað dulúðugu andrúmslofti. Þar blandast stórir, marglaga litafletir við fínlega teikningu.

Verkin eru óræð og gefa til kynna lágstemmda hreyfingu bæði í tíma og rúmi þannig að svo virðist sem listamaðurinn reyni að fanga eitthvað sem auganu er dulið alla jafna.


Uppboð í yfir 20 ár

Listmunauppboð
í Gallerí Fold

mánudaginn 3. apríl, kl. 18
og þriðjudaginn 4. apríl, kl. 18

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna ásamt fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.



Karl Kvaran

LISTMUNASALA fold

Forsýning í Gallerí Fold
mánudag kl. 10–17, þriðjudag kl. 10–17
Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is
Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is






BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Antboy og rauða refsinornin........18:00
Klaufabárðarnir........18:00
Svalir krakkar gráta ekki........18:00
Staying Vertical........20:00
Moonlight........20:00
Toni Erdmann........20:00
The Other Side Of Hope........22:15
The Midwife........22:30






Kristján Már Unnarsson heilsar upp á fólk í ferðaþjónustu undir Jökli. Veturinn er orðinn annatími. Hótel og veitingastaðir stækka og nýjar þjónustubyggingar rísa. Jökullinn, strandlengjan, sjávarþorpin og íslenski hesturinn laða sífellt fleiri ferðamenn á Nesið. Stofnun þjóðgarðs hefur reynst vítamínsprauta.

MAGNAÐ MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

BROTHER VS. BROTHER

Frábærir þættir með þeim bræðrum Jonathan og Drew sem hvor um sig fær með sér í lið hóp af ólíku fólki til að endurgera fasteign.



NCIS

Stórgóðir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við hættulegri mál en áður.



THE PATH

Stórgóðir þættir um Eddie Lane sem hrífst af kenningum sértrúarsafnaðar en það er ekki alltaf einfalt að fylgja sannfæringu sinni.



VICE

HEIMILI HBO

Ferskir og vandaðir fréttaþættir frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.



BIRDMAN

Frábær og margverðlaunuð Óskarsverðlaunamynd með Michael Keaton og Emmu Stone í aðalhlutverkum.



WHO DO YOU THINK YOU ARE?

Afar áhugaverðir þættir þar sem þekktum einstaklingum er gefinn kostur á að rekja ættir sínar langt aftur í tímann.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is


# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.45** The Middle
**08.10** 2 Broke Girls
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Who Do You Think You Are?
**11.20** Sullivan & Son
**11.45** Project Greenlight
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.25** American Idol
**15.05** American Idol
**16.30** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Brother vs. Brother
**20.05** Um land allt
**20.40** NCIS
**21.25** The Path
**22.10** Vice
Ferskur fréttaþáttur frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.
**22.45** Girls
**23.15** Blindspot
Önnur þáttaröðin af spennuþáttunum um Jane, unga konu sem finnst á Times Square en hún er algjörlega minnislaus og líkami hennar er þakinn húðflúri. Alríkislögreglan kemst að því að hvert húðflúr er vísbending um glæp sem þarf að leysa.
**00.00** Crimes That Shook Britain
**00.50** The Young Pope
**01.45** Bones
**02.30** Murder In The First
**03.15** Mad Dogs
**04.10** 100 Code
**04.55** The Player
**05.35** Togetherness
**06.05** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Real Madrid - Alavés
**08.40** Granada - Barcelona
**10.20** Dominos deild kvk - Skallagrímur - Keflavík
**12.00** Bayer Leverkusen - Wolfsburg
**13.40** Swansea - Middlesbrough
**15.25** Arsenal - Man. City
**17.05** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2016/2017
**17.30** Football League Show 2016/17
**18.00** Spænsku mörkin 2016/2017
**18.30** Dominos deild karla - Keflavík - KR
**21.05** Domino's körfuboltakvöld 2016/2017
**21.45** Formúla E
**23.25** Formúla E Highlights
**00.20** Messan

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** NBA - San Antonio Spurs - Utah Jazz
**08.50** Watford - Sunderland
**10.30** Premier League World
**11.00** Man. Utd. - WBA
**12.40** Bayern Munchen - Augsburg
**14.20** Granada - Barcelona
**16.00** Real Madrid - Alavés
**17.40** Dominos deild kvk- Skallagrímur - Keflavík
**19.20** Liverpool - Everton
**21.00** Messan
**22.30** NBA - San Antonio Spurs - Utah Jazz
**00.20** Dominos deild karla - Keflavík - KR

## STÖÐ 3

**17.30** The Big Bang Theory
**17.55** The New Girl
**18.15** League
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.40** Stelpurnar
**20.05** Who Do You Think You Are?
**20.50** Grimm
**21.35** Game of Thrones
**22.30** Klovn
**23.00** Legit
**23.25** Salem
**00.10** The Mentalist
**00.55** Curb Your Enthusiasm
**01.25** Stelpurnar
**01.45** Who Do You Think You Are?
**02.30** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Strumparnir
**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Ævintýraferðin
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**08.11** Zigby
**08.25** Skógardýrið Húgó
**08.47** Stóri og Litli
**09.00** Dóra könnuður
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur og félagar
**11.00** Strumparnir
**11.25** Hvellur keppnisbíll
**11.37** Ævintýraferðin
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**12.11** Zigby
**12.25** Skógardýrið Húgó
**12.47** Stóri og Litli
**13.00** Dóra könnuður
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur og félagar
**15.00** Strumparnir
**15.25** Hvellur keppnisbíll
**15.37** Ævintýraferðin
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**16.11** Zigby
**16.25** Skógardýrið Húgó
**16.47** Stóri og Litli
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur og félagar
**19.00** Ástríkur og víkingarnir
**20.20** Vaski grísinn Baddi

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** Shell Houston Open
**14.00** ANA Inspiration
**18.00** PGA Highlights 2017
**18.55** Shell Houston Open
**23.55** PGA Highlights 2017

## BÍÓSTÖÐIN

**12.20** Housesitter
**14.05** Class Divide
**15.20** Brooklyn
**17.10** Housesitter
Davis reisir draumahúsið sitt og býður Becky það sem brúðargjöf. En vandamálið er að Becky neitar boðorði hans. Davis kynnist hinni undarlegu Gwen á meðan hann er enn í sárum og ekki reiðubúinn að hefja nýtt samband. Gwen er hins vegar mjög hrifin af Davis og draumahúsinu hans og ákveður að koma sér fyrir í húsinu án þess að Davis viti af.
**18.55** Class Divide
**20.10** Brooklyn
**22.00** Birdman
**00.00** Only God Forgives
Spennumynd frá 2013 með Ryan Gosling og Kristin Scott Thomas í aðalhlutverkum.
**01.30** Unfinished Business
**03.00** Birdman

## RÚV

**16.50** Silfrið **17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Háværa ljónið Urri
**18.14** Róbert bangsi
**18.24** Skógargengið
**18.35** Undraveröld Gúnda
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Jörðin
**21.10** Nóbel
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Stúdíó A
**22.50** Scott og Bailey
**23.35** Kastljós
**00.00** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Melrose Place
**10.35** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Top Gear. The Perfect Road Trip II
**14.40** Chasing Life
**15.25** Black-ish
**15.50** Jane the Virgin
**16.35** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** King of Queens
**19.00** Arrested Development
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Superstore
**20.15** Top Chef
**21.00** Hawaii Five-0
**21.45** 24. Legacy
**22.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Californication
**00.20** CSI
**01.05** Scorpion
**01.50** Madam Secretary
**02.35** Hawaii Five-0
**03.20** 24. Legacy
**04.05** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**04.45** The Late Late Show with James Corden
**05.25** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




AÐEINS
**333 KR.***
Á DAG.

Bættu ENDALAUSU INTERNETI við SKEMMTIPAKKANN fyrir aðeins
**1.000 KR.**
**Á MÁNUÐI**

# **SKEMMTILEGRA** SJÓNVARP OG **ENDALAUST** NET

Þú færð Endalaust Internet á aðeins 1.000 kr. með Skemmtipakkanum. Vafraðu áhyggjulaus á netinu. Enginn aukakostnaður við gagnamagns-pakka eða umfram niðurhal bætist við.

Skemmtipakkinn inniheldur fimm fjölbreyttar stöðvar með margverðlaunuðum þáttum og kvikmyndum auk íslensks sjónvarpsefnis fyrir alla fjölskylduna.

*9.990 kr. á mánuði.

MARGFALT SKEMMTILEGRI



365.is | 365

CHIRO HEILSURÚM



VAXTALAUSAR* AFBORGANIR FRÁ 5.571 KRÓNUM FERMINGARTILBOÐ

CHIRO UNIVERSE



Aukahlutur á mynd: Gafl.

FERMINGARTILBOÐ

HEILSURÚM FYRIR UNGT, VAXANDI FÓLK

| STÆRÐ | FULLT VERÐ M/CLASSIC BOTNI | FERMINGAR-TILBOÐ | AFBORGUN Á MÁNUÐI* |
|---|---|---|---|
| 90X200 | 79.900 KR. | 59.900 KR. | 5.571 KR. |
| 100X200 | 89.900 KR. | 69.900 KR. | 6.434 KR. |
| 120X200 | 99.900 KR. | 79.900 KR. | 7.296 KR. |
| 140X200 | 114.900 KR. | 94.900 KR. | 8.590 KR. |

* Miðað vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi pr. afborgun

CHIRO UNIVERSE HEILSURÚM

- Fimm svæðaskipt pokagormakerfi.
- Heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt áklæði.
- Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

DÚNSÆNG + DÚNKODDI

Dúnsæng og dúnkoddi. 100% bómull í áklæði. Sæng: 60% moskusdúnn, 40% smáfiður og fáðu vandaðan dúnkodda með.



FERMINGARTILBOÐ

23.900 KR.

FULLT VERÐ

~~29.800 KR.~~

ÞYKK OG HLÝ DÚNSÆNG

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 | DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 | SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK




Hrafnkell Örn Guðjónsson, jafnan kallaður Keli, trommari rokksveitarinnar Agent Fresco var nýlega í risastóru viðtali við trommaranördablaðið Drumhead Magazine. Viðtalið spannaði fjórar opnur með fjölda mynda. FRÉTTABLAÐIÐ/ ERNIR

# Heimsfrægir í Armeníu

Hljómsveitin Agent Fresco spilaði í Armeníu nú á dögunum. Talið er að hún sé fyrsta íslenska bandið sem heldur tónleika þar. Sveitin hefur hægt á sér um þessar mundir enda að vinna í nýrri plötu.

**Jú, það höldum við, það hefur allavega enginn komið fram og leiðrétt þetta. Við töluðum við ÚTÓN og þeir staðfestu þetta og síðan voru allir úti að segja þetta við okkur. Við vissum ekki neitt og vorum ekkert að pæla í þessu en síðan fannst okkur þetta bara svo kúl þegar allir voru að segja þetta við okkur. Ég kaupi þetta eiginlega ekki en mér finnst það samt kúl,“ segir Hrafnkell Örn Guðjónsson, eða Keli, trommuleikari sveitarinnar Agent Fresco, þegar blaðamaður spurði hann hvort það væri satt að sveitin væri sú fyrsta frá Íslandi til að spila í Armeníu – en Arnór Dan, söngvari sveitarinnar, greindi frá þessu á Twitter á miðvikudaginn.**

Hvernig var svo Armenía?

„Það var bara alveg klikkað. Þetta er held ég skrítnasti staður sem við höfum spilað á – ég veit eiginlega enn þá ekkert um þetta land nema að þetta er þarna við hliðina á Sýrlandi og Írak. En það er alveg mjög kúl.“

Hvernig var stemmingin – líður þér eins og þið séuð frægir í Armeníu núna?

„Það var stemming þarna og já, við erum alveg „huge“ í Armeníu – heimsfrægir í Armeníu,“ segir Keli hlæjandi. „Það er mjög skrítið að fara svona langt í burtu og fólk þekkir lögin okkar. Við spiluðum þarna eina tónleika á festivali. Þetta voru sko alveg sex flug á einni helgi – mjög gaman,“ segir Keli sem hefur farið í ansi mörg flug upp á síðkastið enda hefur Agent Fresco verið að túra töluvert upp á síðkastið en Keli segir þá samt vera að hægja á sér svolítið núna.

**VIÐ VISSUM EKKI NEITT OG VORUM EKKERT AÐ PÆLA Í ÞESSU EN SÍÐAN FANNST OKKUR ÞETTA BARA SVO KÚL ÞEGAR ALLIR VORU AÐ SEGJA ÞETTA VIÐ OKKUR.**

„Við erum að minnka þetta því að við erum að semja nýja plötu. Þetta eru bara svona vel valdir tónleikar núna þessa dagana.“

Spurður út í nýju plötuna segir Keli hana vera á algjöru byrjunarstigi svo að það er aðeins of snemmt að byrja að tala um dagsetningar og annað í sambandi við hana – en það er óhætt að segja að aðdáendur Agent Fresco geti glaðst við fréttirnar. Plata þeirra drengja, Destrier, var á nánast öllum betri topplistum fyrir árið 2015, meðal annars í Fréttablaðinu þar sem hún vermdi þriðja sætið. Einnig hafa þeir hlotið gríðarmikið lof fyrir tónleika sína en The Independent lofaði þá í hástert fyrir frammistöðu sína á hátíðinni Be Prog! My Friend í fyrrasumar og sagði sveitina auk þess vera eina mest spennandi hljómsveit í heiminum í dag.

Keli var svo í stærðarinnar viðtali í Drumhead Magazine á dögunum. Blaðamaður viðurkennir vankunnáttu sína í trommuumfjöllun en Keli segir um að ræða annað besta trommutímarit heims, sem samkvæmt honum er víst stór bransi þar sem tvö tímarit standi upp úr – Drumhead Magazine er annað þeirra.

„Þetta er blað fyrir trommara – eða fyrir fólk sem hefur áhuga á að lesa um trommur. Sko, hinum almenna borgara finnst þetta kannski ekkert rosalega skemmtilegt, en mér finnst þetta alveg geðveikt. Þetta voru alveg fjórar opnur – myndir og viðtal og allt,“ segir Keli ákaflega stoltur og það má hann líka alveg vera. **stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


DOMINO'S-DEILDIN
ÚRSLITAKEPPNI 2017
VIÐ ERUM
TILBÚIN
Það er mikill hasar framundan í úrslitakeppninni í Domino's-deildinni. Þetta verður löng og ströng vakt en við erum svo sannarlega tilbúin. Ert þú ekki örugglega klár?
BERGLIND GUNNARSDÓTTIR
Lið: Snæfell
Aldur: 24 ára
Staða: Bakvörður
RAGNA MARGRÉT BRYNJARSDÓTTIR
Lið: Stjarnan
Aldur: 27 ára
Staða: Miðherji
KOLFINNA ÞORGRÍMSDÓTTIR
Lið: Domino's
Starf: Bílstjóri
Verslun: Hraunbær
Flestir kílómetrar eknir á einni vakt: 210 km
DOMINO'S DEILDIN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR

Helgu Völu Helgadóttur



## Ofbeldi gegn börnum

Á hverjum degi á sér stað ofbeldi gegn börnum hér á landi. Ofbeldið er framið af foreldri sem ekki vill leyfa barninu að eiga í samskiptum við hitt foreldrið undir því yfirskini að barninu verði meint af samskiptunum. Hef ég í mínu starfi heyrt fjölmargar útgáfur af ástæðu og umfangi tjónsins sem kann að verða á sálu barns fái það að njóta samvista við báða foreldra sína. Nú skal tekið fram að einstaka sinnum er hætta á að barn lendi í óviðeigandi aðstæðum í návist foreldris en það er blessunarlega algjör undantekning.

Langoftast er ástæða tálmunar allt önnur. Langoftast er það vegna deilna milli foreldranna, særinda í kjölfar samvistarslita, nýrra maka sem „ekki mega“ hitta barnið o.s.frv. Þegar farið er ígrundað yfir málið með foreldrinu sem ofbeldinu beitir kemur í ljós að barnið er ekkert í raunverulegri hættu. Þegar heildarhagsmunir eru metnir kemur iðulega í ljós að tjónið af tálmun er mun meira en mögulegt tjón af samvistum við foreldri og fjölskyldu þess.

Tálmun er grafalvarleg en því miður er kerfið algjörlega lamað gagnvart henni. Tálmi foreldri umgengni tekur það sýslumannsembættið marga mánuði og jafnvel ár að leysa málin. Fara þarf í margar umferðir í sáttameðferð, bæði til að fá úrskurð sýslumanns sem og til að knýja á um dagsektir. Árin líða án mikilvægrar tengslamyndunar og barnið tapar. Barnið býr áfram við ofbeldi og barnið tapar. Ég fagna framkomnu frumvarpi um að tálmun á umgengni verði gerð refsiverð en óska þess einnig að Alþingi skoði hvernig meðferð þessara mála er og lagi til, svo þessi kerfislægi vandi bitni ekki svona harkalega á börnum landsins.








ARGH!!! 030417 #4




